

# Spor 4

## Lífsleikni fyrir 4. bekk Kennsluleiðbeiningar

Elín Elísabet Jóhannsdóttir


## **Spor 4 – Kennsluleiðbeiningar**

© Elín Elísabet Jóhannsdóttir

Ritstjóri: Aldís Yngvadóttir  
Hönnun og umbrot: Námsgagnastofnun

1. útgáfa 2003  
Námsgagnastofnun  
Reykjavík

Vefútgáfa



## Um efnið

Í þessu námsefni er lögð áhersla á að efla samskiptahæfni nemenda og tilfinningaþroska. Tekið mið af ýmsum áfanga- og þrepamarkmiðum 4. bekkjar í lífsleikni.

### Markmið

- Að nemendur styrki félagslega hæfni sína.
- Að hver nemandi öðlist betri skilning á sjálfum sér og öðrum sem tilfinninga- og félagsveru.
- Að auka skilning nemenda á því þjóðfélagi og því umhverfi sem þeir lifa í.

### Leiðir

#### Bekkjarfélag

Í upphafi skólastarfsins stofnar bekkurinn félag. Félagið setur sér reglur sem fylgja má eftir allan veturinn. Með því móti er leitast við að ná upp samstöðu og góðum félagsanda innan bekkjarins.

#### Tilfinningaþroski

Rætt er um tilfinningar og skilning á tilfinningum sínum og annarra.

#### Einelti

Nokkuð er fjallað um einelti og leitast við að mynda samstöðu í bekknum gegn einelti.

#### Samskipti

Unnið er með samskipti innan félagahópsins og við annað fólk t.d. starfsfólk skólans.

Bent er á leiðir til þess að sættast og sýnt fram á að kurteis borgar sig alltaf í mannlegum samskiptum.

#### Peningar og neysla

Rætt er um lífsgæðakapplaupið og hvað það kostar að vera til. Börnin fá fræðslu um banka og bankareikninga, ávísanir og kort. Með þessu móti má auka skilning barnanna á atvinnulífni og störfum foreldra þeirra.

#### Samhjálp

Það eru ekki alls staðar jafn góð líf skjör og hér á Íslandi. Bent er á hve lífsgæðunum er misskipt í heiminum.

#### Áhættuhegðun

Börnunum er bent á hvernig þau geta tryggt öryggi sitt og eru hvött til ábyrgs og heilsusamlegs lífnis.

#### Umhverfið


Rætt er um umhverfisvernd og endurvinnslu. Börnin fá að flokka sorp.

## **Safnmappa**

Gert er ráð fyrir að verkefnum sé safnað í safnmöppur. Kennarinn þarf að ákveða hvort hver nemandi safni öllum verkefnum í möppu yfir veturinn eða hvort hver nemandi safnar í lífsleiknimöppu bestu verkefnunum yfir alla skólagönguna og fær hana afhenta þegar hann hættir í skólanum. Einnig getur bekkurinn átt sameiginlega safnmöppu.

## **Námsmat**

Erfitt er að meta námsárangur í þessari námsgrein. Hins vegar má leggja mat á áhuga og frammistöðu nemenda í kennslustundum. Sjálfsmat getur einnig verið nemendum mikil hvatning. Þar meta þeir eign færni og frammistöðu, t.d. með því að lýsa því sem þeir hafa lært eða kunna. Hér mætti einnig hugsa sér gátlista með færniþáttum sem kennari setur saman eftir áherslum sem hann velur í kennslunni.



# Kennslustund 1

Tillitssemi, umburðarlyndi, skilningur og ábyrgð. Þessi þrjú atriði eru veigamikil í mannlegum samskiptum. Í næstu kennslustundum verður nemendum hjálpað til að gera sér grein fyrir mikilvægi þeirra og að tileinka sér hugsunarganginn að baki.

## Nemendahefti bls. 1

Allir eiga fullan rétt á að vera eins og þeir eru. Enginn hefur þó rétt á að sýna öðrum yfirgang eða beita ofbeldi hvorki með orðum né gjörðum. Börnin lesa textann í nemendabókinni og ráða dulmálsþrautir (sjá á bls. 7). Af tillitssemi við aðra eiga þeir sem eru fyrstir að ráða dulmálið að hafa hljóð svo hinir hafi ráðrúm til þess að klára. Ef einhver þarf aðstoð eru eflaust tillitssamir, umburðarlyndir og skilningsríkir nemendur sem vilja gjarnan leyfa einhverjum að sjá hjá sér.

## Rétt svör við dulmáli:

1. Við eigum öll rétt á því að vera eins og við erum.
2. Við eigum ekki rétt á því að koma illa fram við aðra.

## Umræður

Hér koma nokkrir punktar sem ganga má út frá í umræðunum: Við þurfum að vera fær um að taka tillit til annarra.

- Hvenær tökum við tillit til annarra og hvenær ekki?

Okkur þykir líka gott þegar tekið er tillit til okkar, t.d. hlustað þegar við tölum eða okkur hjálpað þegar við skiljum ekki hvað við eigum að gera.

Við þurfum að læra að vera umburðarlynd. Þegar einhver gerir eitthvað sem okkur þykir asnalegt eða barnalegt þurfum við að vera umburðarlynd (nefna má t.d. þegar lítið systkini er fyrir okkur). Í bekk þurfum við að vera umburðarlynd af því að við erum ólík. Sumir eru fljótir að ljúka við verkefni en aðrir þurfa stundum meiri útskýringar og aðstoð. Sumir eru ekki góðir í fótbolta eða snúsnú. Við þurfum að vera umburðarlynd og gefa öðrum tækifæri.

Skilningur er mikilvægur. Við þurfum að skilja það ef einhverjum líður illa eða ef einhver á erfitt. Við getum ekki öll verið eins og enginn er fullkominn. Ef við værum alein í heiminum þyrftum við ekki að sýna neinum umburðarlyndi, tillitssemi eða skilning. En þá hefðum við líka engan til að tala við eða leika við og við yrðum einmana.

## Verkefni

Þetta verkefni (sjá bls. 8) má ljósrita fyrir bekkinn. Börnin eiga að reyna finna orðin: Tillitssemi, umburðarlyndi og skilningur. Þau mega hjálpast að eða vinna hvert fyrir sig, allt eftir því hvað hentar best.

## Heimaverkefni

Börnin skrifa stutta sögu um hvað þau myndu gera ef þau væru ein í heiminum. Hvers þau myndu sakna og hvers þau myndu njóta. Söguna geta þau myndskreytt og lesið upp fyrir bekkinn. Þau börn sem eru fljót að afgreiða þrautirnar geta byrjað á sögunni og lokið við hana heima. Sagan fer í safnmöppuna. Markmiðið með þessu verkefni er að fá börnin til að hugsa um hvað aðrir eru mikilvægir í lífi þeirra. Það hentar mannfólkinu ekki að vera eitt. Við þurfum aðra til svo margra hluta. Þess vegna eigum við að muna að fólk er mikilvægt og við eigum að umgangast það af tillitssemi, umburðarlyndi og skilningi.

## Til minnis fyrir kennarann

Gæta skal sérstaklega að þeim börnum sem eiga erfitt með verkefnin. Enginn á að þurfa að bíða lægri hlut í lífsleikni. Námsgeta er enginn mælikvarði á félagshæfni eða leikni í ýmsum þáttum sem takast verður á við í lífinu.

## Fjölgreindir í þessari kennslustund


Rýmisgreind: Myndir í nemendabók skoðaðar, myndskreyting á sögu.

Málgreind: Hlustað á söguna um Palla sem var einn í heiminum. Lestur, stafarugl, dulmál, saga skrifuð. Umræður.

Samskiptagreind: Umræður um tillitssemi, umburðarlyndi og skilning. Þessir þættir æfðir í tímanum.

Sjálfsþekkingargreind: Hvers myndi ég sakna ef ég væri ein/einn í heiminum.

Rök- og stærðfræðigreind: Dulmál ráðið.



Dulmálslykill			
A = 1	Á = 2	B = 3	D = 4
Ð = 5	E = 6	É = 7	F = 8
G = 9	H = 10	I = 11	Í = 12
J = 13	K = 14	L = 15	M = 16
N = 17	O = 18	Ó = 19	P = 20
R = 21	S = 22	T = 23	U = 24
Ú = 25	V = 26	Y = 27	Ý = 28
Þ = 29	Æ = 30	Ö = 31	

Geturðu ráðið í dulmálið með því að nota dulmálslykilinn?

1.  $\frac{26}{6}$   $\frac{11}{11}$   $\frac{5}{9}$   $\frac{24}{24}$   $\frac{16}{16}$   $\frac{31}{31}$   $\frac{15}{15}$   $\frac{15}{15}$

$\frac{21}{21}$   $\frac{7}{7}$   $\frac{23}{23}$   $\frac{23}{23}$   $\frac{2}{2}$   $\frac{29}{29}$   $\frac{26}{26}$   $\frac{12}{12}$   $\frac{1}{1}$   $\frac{5}{5}$

$\frac{26}{6}$   $\frac{6}{11}$   $\frac{21}{17}$   $\frac{1}{22}$   $\frac{6}{18}$   $\frac{11}{9}$   $\frac{17}{22}$   $\frac{22}{18}$   $\frac{9}{9}$

$\frac{26}{6}$   $\frac{11}{21}$   $\frac{5}{24}$   $\frac{6}{21}$   $\frac{24}{16}$   $\frac{16}{16}$

2.  $\frac{26}{6}$   $\frac{11}{11}$   $\frac{5}{9}$   $\frac{24}{24}$   $\frac{16}{16}$   $\frac{6}{6}$   $\frac{14}{14}$   $\frac{14}{14}$   $\frac{11}{11}$

$\frac{21}{21}$   $\frac{7}{7}$   $\frac{23}{23}$   $\frac{23}{23}$   $\frac{2}{2}$   $\frac{29}{29}$   $\frac{26}{26}$   $\frac{12}{12}$   $\frac{1}{1}$   $\frac{5}{5}$

$\frac{14}{14}$   $\frac{18}{18}$   $\frac{16}{16}$   $\frac{1}{1}$   $\frac{11}{11}$   $\frac{15}{15}$   $\frac{15}{15}$   $\frac{1}{1}$   $\frac{8}{8}$   $\frac{21}{21}$   $\frac{1}{1}$   $\frac{16}{16}$

$\frac{26}{1}$   $\frac{11}{5}$   $\frac{5}{21}$   $\frac{1}{5}$   $\frac{21}{1}$   $\frac{1}{1}$


Finndu orðin

skilningur, tillitssemi og umburðarlyndi

og dragðu línu kringum þau.

A	Ú	S	T	R	I	L	L	I	U	
T	I	L	L	I	T	S	S	E	M	I
I	R	Ó	R	Ó	N	K	Ú	T	B	A
L	S	A	U	N	D	A	R	B	U	A
S	K	I	L	N	I	N	G	U	R	K
Ö	S	K	I	L	U	L	A	U	Ð	G
L	Ú	Ð	S	K	I	B	A	K	A	K
B	A	K	K	U	R	V	E	R	R	I
Y	F	K	E	I	R	N	N	K	L	A
G	Æ	U	S	L	V	Ö	L	Ö	Y	I
S	E	R	U	V	M	A	L	U	N	R
R	L	E	G	U	R	Í	E	T	D	T
F	O	E	S	T	U	A	R	T	I	Ó





## Kennslustund 2

### Bekkjarfélag

Í þessari kennslustund stofnum við bekkjarfélag. Gæta þarf þess að andrúmsloftið í kringum þetta verði ekki þannig að börnunum finnst þau vera klíka sem hleypir ekki öðrum inn, heldur félag innan bekkjarins. Í félaginu á að ríkja samheldni, tillitssemi, skilningur og umburðarlyndi. Börnin hjálpast að við að setja reglur félagsins þar sem þessir fjórir þættir koma ríkulega við sögu. Ein af reglunum ætti að vera að félagið sé vinafélag og eigi engin óvinafélög. Kennarinn vegur og metur hvort rétt eða nauðsynlegt sé að hafa viðurlög við brotum á reglum. Ef höfð eru viðurlög er jafnan gott að börnin taki þátt í að ákveða réttlát viðurlög.

Félagið þarf að setja sér markmið og muna eftir að sækjast eftir því að ná markmiðinu. Nota má kennslustundirnar sem framundan eru til þess að vega og meta í sameiningu hvort markmiðinu hafi verið náð og hvernig gangi að fara eftir þeim reglum sem börnin settu sér. Kannski vilja þau síðar breyta einhverjum reglum.

### Nafn og merki félagsins

Nemendur ákveða ásamt kennara sínum ýmis atriði varðandi félagið. Á félagið að hafa nafn? Eða er betra að nota bara heiti bekkjarins? Á félagið að hafa merki? Ef það á að vera merki þarf það að vera mjög einfalt og auðvelt að teikna það. Sem dæmi gæti það verið sérstakt merki bekkjarins að teikna alltaf sól og þrjá fljúgandi fugla í eitt hornið á myndum sem þau teikna. Á félagið að eiga sér einkunnarorð? geta t.d. verið „Bekkjarfélagar standa saman“.

### Félagsskírteini

Með því að vera með félagsskírteini eykst tilfinning nemenda fyrir félaginu og virðing þeirra fyrir því sem félagið stendur fyrir. Skírteini er hlutbundið og áþreifanlegt og svolítið „sport“ að vera með það í veskinu sínu. Best er ef skírteinið er í sömu stærð og greiðslukort. Hvert barn útbýr sitt eigið félagsskírteini. Það skrifar nafn félagsins og teiknar merki þess (ef nafn og merki hefur verið samþykkt af bekknum – annars bara nafn bekkjarins (4. AB). Í sumum skólum eru til plöstanarvélar. Vel mætti plasta skírteinin fyrir börnin. Eins má nota bókaplást.

Markmiðið með þessu er að hrista bekkinn saman og búa til góðan félagsanda.

### Traustsleikur

Ef tími vinnst til mætti fara í traustsleik. Eitt barn stendur í miðjunni og bekkjarfélagarnir mynda þéttan hring í kringum barnið. Barnið á að vera stíft í mjöðmunum og ímynda sér að það sé trjádrumbur. Barnið lætur sig detta aftur fyrir sig, eða fram fyrir sig og bekkjarfélagarnir eiga að grípa það. Að sjálfsgöðu er kennarinn með í leiknum. Mikilvægt að allir fái að prófa. Ef einhver þorir ekki að prófa er það allt í lagi. Þar reynir á skilning, tillitssemi og umburðarlyndi.

Markmiðið með leiknum er að fá börnin til þess að treysta hvert öðru.

### **Til minnis fyrir kennarann**

Það er mikilvægt að allir í bekknum séu meðlimir í félaginu. Ef nýr nemandi kemur síðar þarf hann að búa sér til skírteini, eins ef einhver nemandi hefur verið veikur þá þarf að muna eftir að láta hann gera sér skírteini. Mikilvægt er að kennarinn sé líka í félaginu og fái félagsskírteini.

### **Komið í veg fyrir klíkuskap**

Séu fleiri bekkir í árganginum má síðan mynda vinafélög, eða skapa vinabekki. Hugsanlega er það mikilvægt svo ekki myndist rígur á milli félaga. Vinabekkur getur t.d. boðið hinum bekknum í heimsókn í sína skólastofu og öfugt.

### **Umræður**

- Hvað er góður félagsandi?
- Hvernig skapar maður góðan félagsanda í bekknum?

Skrifið hugmyndir barnanna á töfluna. Vel mætti slá hugmyndirnar inn í tölvu og dreifa til barnanna síðar. Ef á þyrfti að halda mætti grípa til þessa blaðs.

### **Fjölgreindir í þessari kennslustund**


Líkams- og hreyfigreind: Traustsleikur.

Rýmisgreind: Merki félagsins teiknað.

Málgreind: Umræður, reglur skrifaðar niður.

Samskiptagreind: Félag stofnað, reglur samdar, tillitssemi, umburðarlyndi og skilningur æft í gegnum vinnuna í tímanum.

Sjálfsþekkingargreind: Að þekkja tilfinningar sínar t.d. þegar ekki er tekið tillit til manns.



## Kennslustund 3

Í þessari kennslustund eiga börnin að fást við klípusögur.

### Nemendahefti bls. 2

Klípuögurnar tengjast allar lífinu í skólanum og samskiptum nemenda þar. Ef kennara finnst dæmin í nemendabókinni of fá má lesa eða ljósrita viðbótardæmi fyrir börnin og bæta þeim við umræðuna eða úrvinnsluna. Ein viðbótarsagan er reynslusaga kennara. Börnin eiga að reyna að finna lausnir á vandamálunum. Til eru margar leiðir til að vinna með svona sögur. Hér koma nokkrar tillögur.

**Tillaga 1.** Hvert barn vinnur eitt og sér og skrifar niður eins mörg svör og það ræður við. Gallinn við þessa aðferð er að ekki ráða öll börn við að lesa textann og koma hugsunum sínum á blað. Sennilega nytu þau sín betur í umræðum.

**Tillaga 2.** Kennarinn les hverja reynslusögu fyrir sig og ræðir við börnin um vandann. Börnin koma með tillögur og þær eru ræddar í bekknum undir leiðsögn kennarans. Skrifna má tillögur barnanna á töfluna. Munið að eitt barn talar í einu og hin hlusta.

**Tillaga 3.** Tvö til þrjú börn vinna saman. Þau þurfa að koma sér saman um heppilegasta ráðið og velja sér talsmann hópsins. Hver hópur segir hvað honum fannst að hvert barn (og kennari) ætti að gera. E.t.v. mætti úthluta hópunum reynslusögum þannig að hver hópur fengi bara eina reynslusögu. Áður en talsmenn hópanna tjá sig þarf að lesa reynslusöguna upphátt fyrir bekkinn.

Dæmi til viðbótar sem má ljósrita.

### Ólafur 4. Y.G.

Mér finnst gaman í skólanum. En stundum er eins og hinum krökkunum líki ekki við mig. Ég veit ekki hvers vegna. Kennarinn er líka alltaf að skamma mig. Krökkunum finnst ég hafa allt of hátt og kennarinn segir að ég geti aldrei verið til friðs. Ég ræð bara svo illa við þetta. Ég vildi að ég gæti verið stilltari en ég gleymi mér bara alltaf. Hvað get ég gert?

### Eygló 4. H.J.

Þegar ég er á leiðinni heim úr skólanum koma strákarnir í bekknum mínum og stríða mér. Þeir stríða mér alla leiðina heim. Ég er farin að kvíða því á hverjum einasta degi að fara heim úr skólanum. Ég veit ekki hvað ég á að gera.

### Halldór 4. B.S.

Það vill enginn sitja við hliðina á mér í skólanum. Kennarinn lætur okkur draga miða þar sem stendur hjá hverjum við eigum að sitja. Alltaf þegar einhver dregur mitt nafn, segir hann: Oj, ég vil ekki sitja hjá honum. Af hverju ætli krakkarnir láti svona? Ég tek þetta mjög nærri mér og verð öskureiður. Stundum lem ég einhvern þegar þetta kemur fyrir. Hvað á ég að gera?

#### Lilja 4. G.B.

Mér finnst leiðinlegt í leikfimi. Sérstaklega þegar leikfimikennarinn lætur aðra krakka velja í lið. Ég er alltaf valin síðust. Mér finnst það mjög óþægilegt og ég velti því fyrir mér af hverju krakkarnir vilja ekki hafa mig í liðinu sínu. Ég veit að ég er ekkert mjög góð í boltaþróttum og ég hleyp ekkert sérlega hratt. Mér líður oft mjög illa út af þessu. Ég þori ekki að tala um þetta við neinn af því að ég hálf skammast mín fyrir að vera alltaf valin síðust. Hvað á ég að gera?

#### Dóri 4. T.U.

Krakkarnir í bekknum eru alltaf að stríða mér og segja að ég sé skotinn í einni stelpu. Ég verð alveg brjálaður þegar þeir gera þetta. En það er alveg sama hvað ég segi, þeir hætta aldrei að stríða mér á þessu. Ég er ekkert skotinn í þessari stelpu. Ég veit ekki hvað ég á að gera til þess að fá þá til að hætta að stríða mér.

#### Sigurlaug, kennari í 4. S.V.

Ég er kennari í fjórða bekk. Ég er búin að kenna í mörg ár og mér finnst mjög gaman að kenna. Í vetur hafa krakkarnir í bekknum mínum verið mjög óþekkir. Þeir hlusta ekki á mig þegar ég er að reyna að kenna þeim og svo eru þeir alltaf að stríða hver öðrum og setja út á þetta og hitt. Þegar skóladeginum er lokið fer ég heim, dauðþreytt eftir hvern einasta dag. Ég finn að þreytan verður alltaf meiri og meiri eftir því sem líður á veturinn. Mér finnst ég varla hafa orku til þess að fara út í búð og kaupa í matinn og börnin mín þurfa alltaf að vera hljóð og góð og taka tillit til mín af því ég er svo þreytt. Hvað get ég gert til þess að krakkarnir í bekknum hlýði mér betur og verði betri hvert við annað?

#### Bekkjafélagið


Ef tími vinnst til mætti ræða svoltið um bekkjafélagið sem stofnað var í síðasta tíma. Ræða má um það hvernig þetta félag ætlar að taka á svona vandamálum ef þau koma upp í þessum bekk. Oft þarf fleiri en einn til þess að leysa málin. Allir þurfa að hjálpast að við það með því að sýna hvert öðru tillitsemi, skilning, samhygð og umburðarlyndi. Bekkurinn á að vera svo samheldinn að það vinni allir saman að því að öllum líði vel í skólanum.

#### Fjölgreindir í þessari kennslustund

Málgreind: Umræður, lestur, skrift.

Samskiptagreind: Ráðið í klípusögur og leitast við að setja sig í spor annarra.

Sjálfsþekkingargreind: Með því að samsama sig börnunum í sögunum skoða börnin ákveðnar tilfinningar. Sum þekkja sjálf sig í þessum kringumstæðum og fá að taka þátt í umræðum um vandann.



## Kennslustund 4

### Leikjatími

Leikir eru góð æfing í félagslegum samskiptum og eru ágætis framhald af þungum umræðum síðasta tíma. Hér koma nokkrar tillögur að leikjum. Vel má leika hvern leik eins oft og börnin hafa áhuga á og eins oft og tíminn leyfir.

### Úrvinnsla

Að leik loknum mætti ræða við börnin um leikina.

- Á hvað reyndi í leiknum? Samvinnu, tillitssemi eða eitthvað annað og þá hvað?

### Senda skeyti

Börnin sitja í hring og haldast í hendur. Eitt barnið er hann og stendur í miðjunni. Annað barn hefur verið valið til þess að senda skeytið og segja hvert það á að fara. „Ég sendi skeyti til Sigrúnar.“ Þegar Sigrún fær skeytið segir hún: „Skeyti mótttekið.“ Sá sem er í miðjunni á að reyna að sjá hvar skeytið er statt og benda á það. Sá sem staðinn var að verki á þá að fara í miðjuna og leikurinn byrjar upp á nýtt.

Þessi leikur krefst t.d. samvinnu og þolinmæði.

### Hver stjórnar?

Einn fer fram á meðan valinn er stjórnandi. Börnin sitja í hring. Stjórnandinn klappar eða stappar í smástund og allir eiga að herma eftir honum. Sá sem var sendur fram fær nú að koma inn og fara í miðjan hringinn. Hann þarf að finna út hver stjórnandinn er. Stjórnandinn skiptir öðru hvoru um hreyfingu og sá sem í miðjunni stendur á að reyna að komast að því hver stjórnar. Finni hann stjórnandann á stjórnandinn að fara í miðjuna en annað barn er valið til þess að fara fram. Leikurinn hefst að nýju.

Þessi leikur krefst t.d. athygli, útsjónarsemi, hugmyndaflugs og samhæfingar hópsins.

### Eitt klapp – tvö klöpp

Börnin krjúpa í hring og hafa báða lófa á gólfinu þannig að hendur skarast: Fyrst kemur vinstri hönd Sigga, þá vinstri hönd Stínu, svo hægri hönd Sigga og svo hægri hönd Stínu og svona koll af kalli.

Einn byrjar. Hann sendir boð áfram með því að klappa einu sinni með lófanum í gólfið. Ef hann klappar með vinstri hendinni eiga boðin að fara til félaga hans á vinstri hönd. Félaginn tekur við boðunum og lætur þau ganga á sama hátt með einu klappi á gólfið, fyrst með hægri og svo með vinstri hendi. Ef einhver svarar boðinu með því að klappa tvisvar í gólfið með sömu hendi eiga boðin að fara í hina áttina. Sú staða getur komið upp að boðmerkið „festist“ á milli tveggja sem stöðugt gera tvö klöpp. Það getur verið þreytandi til lengdar og upplagt að muna eftir tillitsseminni. Sá sem ruglast er úr leik. Þeir sem eru úr leik verða að sitja og bíða þar til leiknum er lokið.

Þessi leikur krefst t.d. samhæfingar handa.

## Plankaleikur

Fáið sex kassa utan af skólamjólkinni (eða sex annars konar „planka“). Klippið kassana til þannig að eftir standi einungis botninn. Skiptið bekknum í tvo hópa. Hvor hópur á að fá þrjá „planka“. Merkið t.d. með einangrunarlímbandi eða einhverju öðru upphafspunkt og endapunkt sem liðin eiga að fara að. Því lengri vegalengd á milli punktanna því skemmtilegra. Bæði liðin byrja í einu. Það lið sem er á undan yfir að hinum punktinum vinnur.

Bannað er að stíga á gólfíð. Það má bara nota plankana. Börnin eiga að finna út skilvirkustu leiðina til þess að komast á hinn punktin.

Til þess að gefa ímyndunaraflinu lausan tauminn mætti segja að svæðið á milli punktanna sé straumhörd á og þau þurfi að komast yfir ána með allt sitt lið án þess að nokkur blotni. Ef einhver stígur í „vatnið“ þarf sá hinn sami að fara aftur á upphafspunkt og liðið þarf að finna út fljótlegustu leiðina til þess að koma viðkomandi á bakkann.

Þessi leikur getur reynt verulega á útsjónarsemi, þolinmæði, samvinnu og samskipti.

## Marserað í skólastofunni

Flestir kunna að marsera. Það mætti vel prófa það.

Dans er mjög góð æfing í samskiptum. Ryðjið borðum og stólum út að veggjum og gerið gott rými í kennslustofunni, (e.t.v. er hægt að fá salinn í skólanum lánaðan). Til þess að geta marserað þarf að hafa réttu tónlistina. Ef það vefst fyrir mönnum mætti leita á náðir tónlistarkennarans.

Þessi leikur reynir á samskipti og takt.

## Þrautakóngur

Notið tónlist til að marsera við.

Börnin skiptast á að vera þrautakóngur. Enginn má vera of lengi í einu.

Þrautakóngurinn gengur af stað, hinir elta í einni halarófu og herma eftir þrautakónginum.

Þessi leikur reynir á samskipti og hugmyndaflug.

## Til minnis fyrir kennarann

Leikir geta reynt verulega á þolrif sumra barna sem verða upptendruð og óþolinmóð við félagu sína. Ef kennari sér eitthvað athugavert við samskiptin, t.d. að umburðarlyndi, skilningi og tillitssemi sé ábótavant getur hann minnt nemendur á reglur félagsins um samskipti.


## Fjölgreindir í þessari kennslustund

Líkams- og hreyfigreind: Leikir, dans.

Samskiptagreind: Leikir.

Rök- og stærðfræðigreind: Plankaleikur, klappleikur.

Tónlistargreind: Hreyfingar í takt við tónlist.



## Kennslustund 5

Við berum ábyrgð. Allir hafa tilfinningar. Hvernig veit ég hvernig öðrum líður.

### Nemendahefti bls. 3

Börnin skoða myndina í nemendabókinni af vélmenninu annars vegar og manneskj-  
unni hins vegar og bera saman hugsanlegan mun á þessum tveimur fyrirbærum.  
Aðalatriðið er að hér komi fram að manneskjur hafa tilfinningar, sjálfstæða hugsun  
og sjálfstæðan vilja, en vélmennið hlýðir skipunum. Það getur ekki haft tilfinningar  
því það er vél. Reyndar eru vísindamenn í óðaönn að reyna að búa til slík vélmenni  
en það hefur ekki gengið vel.

### Umræður

- Hvers vegna höfum við tilfinningar?
- Ætli tilfinningarnar séu á einhvern hátt til þess að vernda okkur fyrir hættum?
- Ætli tilfinningarnar hjálpi okkur að framkvæma ákveðin verkefni?
- Getu tilfinningarnar e.t.v. stundum verið okkur fjötur um fót og komið í veg fyrir að við getum framkvæmt ákveðin verkefni?
- Hvað er þá til ráða?

Börnin lesa textann um strengjabrúður efst á bls. 3 og skoða myndina.

- Hvað haldið þið að átt sé við með því að tala um strengjabrúður sem er stjórnað af öðrum.

### Bréf frá strengjabrúðum

Eftirfarandi bréf eru í rauninni klípusögur. Þetta eiga að vera bréf frá krökkum sem ekki eru sáttir við stöðu sína en vita ekki hvað þeir eiga að gera. Þessir krakkar eiga það sameiginlegt að hætta til að láta viðhorf annarra hafa áhrif á sig. Lesið bréfin fyrir börnin og ræðið vanda hvers „bréfitara“. Fáid börnin til þess að setja sig í spor þeirra og finna lausn á vandanum.

### Kæri 4. bekkur!

Ég er í stórum vanda. Þannig er mál með vexti að stelpurnar í mínum bekk eiga allar gsm síma. Mig langar í slíkan síma en ég má ekki fá hann. Pabbi og mamma leyfa mér ekki að kaupa hann. Ég á peninga sem ég fékk í afmælisgjöf og ég gæti vel keypt hann ef ég mætti. Mig langar kannski ekkert mjög mikið í gsm síma, en mér finnst að ég ætti að eiga hann af því að allir hinir eiga svoleiðis. Sjálfa langar mig eiginlega meira til að safna mér fyrir golfkylfum því ég á heima rétt hjá golfvellinum og mér finnst gaman að horfa á fólkið spila golf. Krakkarnir í bekknum eru hins vegar ekkert í golfi og þá finnst mér eins og ég geti ekki farið í golf. Hvað finnst ykkur að ég ætti að gera. Hvað mynduð þið gera í mínum sporum?

### Kæri 4. bekkur!

Ég er ósköp venjulegur strákur að öllu leyti. Það er bara einn munur á mér og strákunum í mínum bekk: Ég hef ekki nokkurn áhuga á því að spila fótbolta. Mér finnst fótbolti ekkert sérstaklega skemmtilegur. Ég þykist hafa gaman af honum,

en í rauninni finnst mér hann hundleiðinlegur. Ég þori ekki að segja strákunum það og mig langar til þess að við gerum stundum eitthvað annað í frímínútum en að vera í fótbolta. Hvað á ég að gera?

#### **Kæri 4. bekkur!**

Allar stelpurnar í mínum bekk eru svo miklar skvísur. Þær þykjast eiginlega vera unglingar. Mig langar ekki til að verða unglingur strax. Ég hef ennþá gaman af því að leika mér með dúkkur og í barbí. Ég þori ekki að láta þær vita að ég leik mér með dúkkur af því að ég er hrædd um að þær stríði mér. Ég skil ekki hvað þær eru að þykjast vera fullorðnar, því þær eru það ekki. Þegar ég er í skólanum þykist ég líka vera algjör pæja og ég er viss um að hinar stelpurnar halda að ég sé eins og þær. En í rauninni langar mig bara til að fá að vera stelpa í friði og hætta þessari vitleysu. Hvað get ég gert? Ég vil ekki missa vinkonur mínar.

#### **Kæri 4. bekkur!**

Ég er ósköp venjulegur strákur í fjórða bekk. Allir krakkarnir í bekknum eru alltaf að stríða einum strák í bekknum. Mér finnst það mjög leiðinlegt og í rauninni fer það mjög mikið í taugarnar á mér. Ég skil ekki hvað þeir fá út úr því að stríða einum manni endalaust. Mér dettur helst í hug að þetta sé einelti. Ég þori samt ekki að gera neitt því ég er hræddur um að þá verði mér strítt. Hvað á ég að gera?

#### **Vélmennaverkefni – (gæti verið heimavinna)**

Börnin eiga að skrifa ritgerð sem á að hefjast með þessum orðum: „Ef ég væri vélmenni ...“ Síðan eiga þau að teikna mynd við.

#### **Fjölgreindir í þessari kennslustund**


Rýmisgreind: Myndir í kennslubók.

Málgreind: Umræður, hlustun, ritun.

Samskiptagreind: Börnin velta fyrir sér sjálfstæði sínu í samskiptum við aðra.

Sjálfsþekkingargreind: Börnin velta fyrir sér möguleikum í því að vera sjálfstæð í samskiptum við aðra. Rætt um tilfinningar.





## Kennslustund 6

Í þessari kennslustund velta börnin því fyrir sér hvernig heimurinn væri ef allir væru eins. Markmiðið með þessari kennslustund er að benda á hve mikilvægt það er að allir fái að halda sérkennum sínum. Það þurfi ekki allir að vera eins.

### Mynd í nemendahefti á bls. 3

Nemendur skoða neðstu myndina í nemendabókinni á bls. 3. Myndin er af fólki sem lítur svipað út og hugsar nákvæmlega það sama.

Ræðið um myndina.

- Að hvaða leyti erum við lík?
- Að hvaða leyti erum við ólík?
- Þurfum við öll að hugsa það sama og finnast það sama?
- En er samt ekki í lagi ef við erum sammála og höfum sömu skoðanir um hlutina?

### Leikur

#### Þrautakóngur

Allir eiga að fara í röð. Sá sem er fremstur er þrautakóngurinn og allir eiga að herma eftir honum. Skemmtilegt er að hafa líflega tónlist til þess að hreyfa sig eftir.

Leiknum er ætlað að undirstrika málefni kennslustundarinnar: „Ef allir væru eins“.

#### Létt stærðfræðiverkefni

Það er svo sem allt í lagi að vera eins og aðrir, ef það er það sem maður vill. Það er enginn að herma eftir öðrum því stundum vill svo til að einhverjir eiga t.d. nákvæmlega eins föt, eins bolta eða skólatösku. Nú eiga börnin að rannsaka hvað er eins eða svipað með þeim öllum.

- Hve margir eru í gallabuxum?
- Hve margir eiga eins skólatöskur, pennaveski, blýanta, strokleður, yddara (fleira skóladót).
- Hve margir eiga eins skó?
- Hve margir eru í stígvélum, kuldaskóm, íþróttaskóm?

Einnig má athuga lit á sokkum, fjölda þeirra sem hafa spennur og teygjur í hárinu o.s.frv.

Úthluta má hverju borði sér verkefni til að telja. Hjálpið börnunum síðan að setja allar upplýsingarnar á töflu sem gæti verið á stóru kartoni. Einnig mætti láta hvert barn merkja strik í þá reiti sem passa við þau. Þá merkja þau t.d. strik við gallabuxur ef þau eru í gallabuxum, strik hjá hárskrauti ef þau hafa eitthvað í hárinu.

Vel mætti fá nokkur börn til þess að myndskreyta töfluna t.d. í stað þess að skrifa gallabuxur eru teiknaðar gallabuxur og límдар á súluritið.

Gerið talningu að verkefninu loknu og skrifið hve margir eiga ákveðna hluti.

Ræðið í kjölfarið um það að í rauninni séum við óskaplega lík á margan hátt, en við séum samt einstaklingar með mismunandi skoðanir á mörgum hlutum og þannig eigi það líka að vera.

### **Fjölgreindir í þessari kennslustund**

Líkams- og hreyfigreind: Þrautakóngur.

Rýmisgreind: Teikning fyrir stærðfræðitöfluna. Mynd í kennslubók skoðuð.


Málgreind: Umræður.

Samskiptagreind: Leikurinn þrautakóngur.

Sjálfsþekkingargreind: Er ég eins og allir hinir? Finnst mér ég verða að vera eins og hinir? Er það í lagi?

Rök- og stærðfræðigreind: Létt stærðfræðiverkefni.

Tónlistargreind: Hreyfingar við tónlist í leiknum þrautakóngi.



## Kennslustund 7

Hvað finnst öðrum um mig? Finnst öllum það sama? Eru skoðanir annarra á mér endilega réttar?

Í þessari kennslustund velta nemendur þessu fyrir sér.

### Nemendahefti bls. 4

Börnin skoða myndir og lesa textann á bls. 4. Ræðið við börnin um efni síðunnar og fáið þau til þess að segja hver hafi rétt fyrir sér um Línu langsock. Auðvitað hafa allir nokkuð til síns máls. Börnin mega tjá sínar skoðanir á Línu langsock.

### Verkefni

Börnin teikna mynd af sér og skrifa undir: Mér finnst ég vera ... (Það er bannað að skrifa eitthvað ljótt um sjálfan sig og aðra.) Barnið á að merkja myndina og láta tvö til þrjú börn skrifa hvað þeim finnst um það, aftan á myndina: Mér finnst þú vera ... og skrifa undir með eigin nafni. Hér er kjörið tækifæri til þess að rifja upp hvað hrós og falleg orð geta verið styrkjandi en neikvæðni getur brotið fólk niður. Sjálfsgagt er að vera á verði gagnvart nemendum sem eru mótþróagjarnir og líklegir til að skrifa eitthvað neikvætt um bekkjarsystkini sín.

### Saga

Lesið eftirfarandi sögu fyrir börnin.

Ég er mjög leið. Ég var að leika við Elvu. Þá kom Sigga. Sigga spurði hvort hún mætti leika við okkur og við leyfðum henni það. Við vorum búnar að leika okkur smá stund þegar mér fór að finnast ég vera út undan. Mér fannst Elva og Sigga eiginlega bara vera að leika sér saman. Allt í einu spurði Sigga Elvu: – Finnst þér Anna skemmtileg? Ég hrökk í kút. Af hverju var hún að spyrja Elvu hvort henni þætti ég skemmtileg, og það beint fyrir framan mig?! Elva leit á mig og sagði svo mjög dræmt: – Jaá, hún er ágæt. En hvernig finnst þér hún. – Æ, ég veit það ekki, sagði Sigga. Svo fóru þær. Núna líður mér illa.

Ég fór að leika við Stínu. Ég spurði hana: – Finnst þér Sigga skemmtileg? Ég veit vel að Stína er oft að leika við Sigggu, en mig langaði til þess að hefna mín. Ég held að Stína hafi heyrt á tóninum í spurningunni að hún átti að segja nei og það gerði hún líka. Mér leið betur. Mér fannst gott að Stínu þótti Sigga leiðinleg.

### Umræður á eftir sögunni

- Hafið þið lent í einhverju þessu líku?
- Hvernig leið ykkur þá?
- Hvernig líður þeim sem talað er um á þennan hátt?
- Ef Sigggu finnst Anna vera leiðinleg, þarf það þá að þýða að Anna sé leiðinleg?
- Getur verið að Sigga sé ágætisstelpa en þurfi að læra að hætta að spilla vináttu annarra?
- Af hverju ætli Sigga hafi fengið Elvu til þess að leika við sig og skilja Önnu útundan?
- Þarf það að þýða að Anna sé leiðinlegri en Elva?


### **Fjölgreindir í þessari kennslustund**

Rýmisgreind: Myndir skoðaðar í kennslubók, teikniverkefni.

Málgreind: Umræður, hlustun á sögu, lestur í kennslubók, skrifað á teikningar.

Samskiptagreind: Vangaveltur um samskipti og álit annarra.

Sjálfsþekkingargreind: Börnin velta fyrir sér eigin sjálfsmynd og álit annarra á þeim.



## Kennslustund 8

Eru skoðanir mínar á öðrum endilega alltaf réttar? Getur verið að margar skoðanir á sömu manneskjunni, eða sama hlutnum, séu jafnréttar? Nemendur velta þessu fyrir sér í kennslustundinni.

### Verkefni

Fáið dýralífsbækur eða blöð lánuð á bókasafninu, t.d. Lifandi vísindi og ýmsar bækur sem eru myndskreyttar og hafa að geyma myndir af alls konar dýrum. Gefið börnunum tíma til að fletta bókunum og sýna hvert öðru myndirnar.

### Skráning

Fáið þau svo til þess að skrá hjá sér annars vegar myndir af dýrum sem þeim þykja skemmtileg og svo dýrum sem þeim líkar illa við og myndu ekki vilja hafa nálægt sér.

Vel mætti bæta við einum flokki í viðbót og það eru dýr sem þeim finnst vera ógeðsleg.

Hvert barn gerir sinn lista. Síðan er atkvæðagreiðsla í bekknum. Kennarinn skrifar dýrategundirnar á töfluna og dýrunum eru gefin atkvæði. Hve mörgum líkar við hunda? Hve mörgum líkar illa við hunda? Hve mörgum líkar við mýs? Hve mörgum líkar illa við mýs, o.s.frv. Síðan er talið.

### Huglægt mat

Líklega eru ekki allir sammála um hlutina. Þeir hafa samt hvorki rétt né rangt fyrir sér því þetta er HUGLÆGT MAT viðkomandi. Huglægt mat getur hvorki verið rétt né rangt. Það sem okkur finnst um annað fólk er líka huglægt mat. Það sem öðrum finnst um okkur er einnig huglægt mat. Ef einhver segir að við séum leiðinleg þarf það ekki að vera rétt. Það er einungis huglægt mat þess sem það segir. Eins ef okkur finnst einhver vera leiðinlegur er heldur ekki víst að öllum öðrum finnst það, því það er huglægt mat okkar. Huglægt mat getur aldrei verið rétt eða rangt það er bara tilfinning einhvers fyrir hlutunum.

### Heimaverkefni

Börnin yrkja ljóð um uppáhalds dýrið sitt og myndskreyta. Verkefnið má síðan setja í safnmöppuna.

### Orðaforði

Huglægt mat.

### Fjölgreindir í þessari kennslustund

Rýmisgreind: Myndir skoðaðar.

Málgreind: Umræður, hlustun, lestur í dýralífsbókum.

Samskiptagreind: Börnin læra um huglægt mat annarra.

Sjálfsþekkingargreind: Börnin læra um sitt eigið huglæga mat á hlutunum.

Rök- og stærðfræðigreind: Skoðanakönnun og skráning.

Umhverfisgreind: Dýralíf og dýrategundir skoðaðar.

## Kennslustund 9

Í þessari kennslustund skoðum við lítil börn og hve umkomulaus þau eru. Þessi kennslustund er aðleiðsla að umræðu um einelti. Á bls. 26–27 eru fróðleiksmolar handa kennurum og bent á ítarefni sem skoða mætti ef kennarar vilja staldra lengur við eineltisumræðuna.

### Nemendahefti bls. 5

Börnin skoða og lesa bls. 5 í nemendaheftinu.

### Umræður

Þegar horft er á myndina af litla barninu er ótrúlegt að ímynda sér að einhver muni kannski seinna vilja leggja það í einelti og gera líf þess erfitt.

- Hvað er einelti?
- Hver er ástæðan fyrir því að einn einstaklingur leggur annan í einelti?

Einn einstakur atburður er ekki einelti. Einelti er það ef níðst er eða ráðist á sama einstaklinginn aftur og aftur.

- Af hverju leggja sumir krakkar aðra aftur og aftur í einelti?
- Haldið þið að það geti verið að krakkar sem leggi aðra í einelti hafi einhverja afsökun?
- Hvaða afsökun haldið þið að þau sjálf telji sig hafa?
- Hvað finnst ykkur að eigi að gera til þess að koma í veg fyrir að fólk sé lagt í einelti?
- Hvernig líður þeim sem lagðir eru í einelti?
- Er það afsakanlegt að leggja þá í einelti sem okkur þykja leiðinlegir (munið eftir að það er bara huglægt mat hver er leiðinlegur og hver er skemmtilegur)?

Þeir sem leggja aðra í einelti eiga oft erfitt með að skilja tilfinningar annarra.

- Hvernig er hægt að hjálpa einstaklingum sem verða fyrir einelti að jafna sig og komast inn í hópinn?

### Andlegt einelti felst t.d. í því að

- skilja einhvern út undan, eða setja einhvern „út í kuldann“, s.s. að neita um aðgang að samfélagi jafningja.
- tala illa um einhvern, ógna eða hæða með orðum, niðrandi og særandi athugasemdir um viðkomandi, (svipbrigði, andvörp, grettur, bendingar ...)
- skemma eða eyðileggja fyrir einhverjum reglubundið, s.s. húfur, trefla, úlpur o.fl.

### Líkamlegt einelti felst t.d. í því að

- hrinda, sparka, slá eða klípa einhvern
- halda einhverjum föstum eða loka einhvern inni gegn vilja hans.“

(Úr skýrslu umboðsmanns barna frá 17. október 1988.)



## Sagan af Einari

Einari líður ekki vel í skólnum. Hann er fyrir löngu orðinn dauðhræddur við krakkana. Krakkarnir eru alltaf að stríða honum og uppnefna hann. Hann fær ekki að hafa nokkurn hlut í friði og það virðist vera sama hvað hann gerir eða segir, alltaf tekst krökkunum að snúa út úr því eða setja út á það. Hann er lagður í einelti. Hann getur ekki gert neitt sjálfur til þess að bjarga sér út úr eineltinu. Hann þarf að fá hjálp. Það eru til tvær leiðir til hjálpar.

### Önnur leiðin er svona:

Einari getur talað við foreldra sína eða kennarann og sagt frá eineltinu. Það getur verið að Einari þyki það erfitt, því kannski skammast hann sín fyrir að vera lagður í einelti. En það er ekki honum að kenna. Það er hinum krökkunum að kenna. Einari er ekki lagður í einelti af því að hann er svo ómögulegur. Hann er lagður í einelti af því að einhverjum í bekknum datt í hug að velja hann sem fórnarlamb. Þess vegna þarf Einari ekki að skammast sín þegar hann talar við foreldra sína eða kennarann.

### Hin leiðin er svona:

Einhverjir krakkar átta sig á því að hann er lagður í einelti. Þeir ákveða að stöðva eineltið. Stundum eru krakkar hræddir við að stöðva einelti því þá gætu þeir lent í stríðninni sjálfir. Þess vegna er oft gott að tala við kennarann eða einhvern fullorðinn og koma Einari til hjálpar. Það verður að stöðva einelti!

Munum að sá sem lagður er í einelti á oft erfitt með að vera hann sjálfur. Leyfum öllum að vera þeir sjálfir.

## Tónlist og málun

Kennarinn velur lag sem börnin eiga að mála mynd við. Lagið þyrfti helst að fjalla um vináttu eða betra líf á jörðinni.

Dæmi um lög sem hægt er að spila af geisladiski:

Myndin hennar Lísu (af plötunni *Bibbidíbabbedí*, Olga Guðrún Árnadóttir.)

Vertu ávallt vinur minn (af fyrstu plötu Jóhönnu Guðrúnar).

Mörg fleiri lög koma til greina.

Límið maskínupappír á gólfíð. Gott er að líma niður plast allt í kring til þess að hlífa gólfinu. Setjið þekjuliti í málningarbox, nokkra pensla og vatn hjá maskínupappírnum. Börnin sitja í hring í kringum maskínupappírinn og láta púða eða mjúkan bolta ganga á milli sín. Kennarinn er plötusnúðurinn og setur tónlistina í gang. Þegar tónlistin stoppar á það barn sem heldur á púðanum þá stundina að standa upp, taka pensil og byrja að mála myndina á maskínupappírinn sem á að verða sameiginleg mynd bekkjarins. Barnið má ekki vera lengi og þegar tónlistin byrjar aftur hættir barnið að mála og fer aftur í sætið. Þegar tónlistin stöðvast á ný á það barn sem á púðanum heldur að halda áfram með myndina. Svona á þetta að ganga þar til öll börnin hafa fengið púðann og málað sinn hluta af myndinni. Leggið áherslu á að myndefnið sé í sama dúr og lagið sem þau eru að hlusta á.

## Heimaverkefni

Börnin skrifa skemmtisögu af sjálfum sér frá því þau voru lítil, með aðstoð foreldranna sem eflaust búa yfir ýmsum slíkum sögum.

### Fjölgreindir í þessari kennslustund

Líkams- og hreyfigreind: Púðaleikur.

Rýmisgreind: Mynd máluð. Myndir í kennslubók skoðaðar.


Málgreind: Lestur, hlustun, umræður.

Samskiptagreind: Leikur, umræður um einelti.

Sjálfþekkingargreind: Hvað á ég að gera ef einhver er lagður í einelti.

Tónlistargreind: Mynd máluð við tónlist.





## Kennslustund 10

### Upplestur

Börnin lesa upp frásagnirnar sem þau skrifuðu heima, af þeim sjálfum þegar þau voru lítil.

### Frásögn

Þegar ég var í maganum á mömmu minni, hafði ég aldrei séð nokkurn hlut. Ég hafði hvorki séð mömmu né pabba. Ég hafði aldrei séð nokkurn mann. En ég gat heyrt. Ég gat heyrt röddina í mömmu minni. Og ég gat heyrt röddina í pabba mínum.

Svo fæddist ég. Mamma tók mig í fangið og vafði mig inn í hlýtt teppi. Svo setti hún mig í vögguna. Mér datt ekki annað í hug en að allir væru svona góðir eins og mamma. Hún hugsaði svo vel um mig. Allir sem litu ofan í vögguna brostu til mín og hvert sem ég fór tóku allir mér fagnandi. Fólk velti því fyrir sér hvort ég væri lík pabba eða mömmu og hvort ég bæri kannski svolítinn svip af ömmu.

Svo stækkaði ég. Ég lærði að ganga og tala og svo fór ég í leikskóla. Þar voru aðrir litlir krakkar – þeir voru óvitar eins og ég. Sumir voru hrekkjusvín sem lömdu mig í höfuðið með skóflu eða bitu mig í puttann. Þá fór ég að gráta. Ég grét eins hátt og ég gat. Þá urðu hrekkjusvínin hrædd og fóru líka að gráta. Sumir voru mjög góðir og skemmtilegir og þrátt fyrir hrekkjusvínin var bara gaman í leikskólanum mínum.

Ég stækkaði enn meira og fór í skóla. Ég hlakkaði mjög mikið til. Nú fengi ég að læra að lesa og skrifa og gera allt þetta sem stórir skólakrakkar gera. Pabbi keypti handa mér stóra, rauða skólatösku og fallett pennaveski og svo fékk ég ný og falleg skólaföt.

Í fyrstu var gaman í skólanum en smátt og smátt gerðist eitthvað sem ég get ekki útskýrt. Ein stelpa í bekknum fór að vera leiðinleg við mig. Henni tókst að láta hinar stelpurnar vera líka leiðinlegar við mig. Svo fóru strákar að stríða mér.

Smátt og smátt varð ég hrædd við að fara í skólann. Þegar ég var komin í 4. bekk fannst mér mjög erfitt að fara í skólann. Ég átti enga vini og ég vissi ekki lengur hvernig ég átti að vera. Allt sem ég gerði mistókst. Krakkarnir hlógu að mér. Stundum lömdu þeir mig. Einu sinni tóku þeir skólatöskuna mína og hentu henni á milli sín og sturtuðu síðan öllum bókunum úr henni. Ég þorði ekki að segja neinum frá þessu. Mér fannst að þetta hlyti að vera mér að kenna. Af hverju voru allir að stríða mér? Mér fannst eins og það hlyti að vera út af því að eitthvað væri að mér.

Einn daginn þegar krakkarnir voru að stríða mér, kom strákur í bekknum mér til hjálpar. – Æ, látið hana vera, sagði hann. Það varð til þess að krakkarnir hættu að stríða mér í þetta sinn. Ég vissi ekki að hann hafði gert fleira. Hann fór til skólastjórans og sagði honum að það væri alltaf verið að stríða mér og að ég fengi engan frið. Skólastjórinn gat gert allt sem þurfti til þess að hjálpa mér og eineltið hætti. Ég er fegin að strákurinn í bekknum kom mér til bjargar. Síðar frétti ég að fleiri krakkar hafi líka viljað hjálpa mér en enginn hafi þorað því.

### Verkefni

Börnin eru minnt á bekkjarfélagið. Nú búa þau til reglur bekkjarins um einelti. Kennarinn skráir reglurnar á töfluna. Síðar fá börnin reglurnar með sér heim.

### Tillaga að bréfi til foreldra

Um þessar mundir eru nemendur í 4. bekk að læra um einelti í lífsleiknitímum í skólanum. Einelti er alvarlegt vandamál sem allir verða að vera vakandi fyrir. Þess vegna fá foreldrar sendan heim þennan lista yfir hugsanlegar vísbendingar um að barn sé lagt í einelti:

- Barnið er hrætt við að ganga eitt í skólann og heim úr skólanum.
- Barnið fer aðra leið í skólann en það er vant.
- Barnið vill láta fylgja sér í skólann.
- Barnið vill ekki fara í skólann – fær þrálátan „skólaleiða“.
- Barnið kvartar undan vanlíðan á morgnana.
- Barnið byrjar að skrópa í skólanum.
- Barnið hættir að sinna náminu, fær slæmar einkunnir.
- Barnið fer að koma heim með rifin föt og skemmdar námsbækur.
- Barnið kemur svangt heim (nestinu er stolið úr töskunni).
- Barnið fer inn í sig, byrjar að stama, missir sjálfstraustið.
- Barnið verður áhyggjufullt og óttaslegið, missir matarlyst.
- Barnið talar um að svipta sig lífi, eða gerir tilraunir til þess.
- Barnið grætur sig í svefn, fer að fá martraðir.
- Barnið er sífellt að „týna“ eigum sínum.
- Barnið fer að biðja um peninga eða byrjar að stela (til þess að borga gerendum).
- Barnið er alltaf að „týna“ vasapeningunum sínum.
- Barnið neitar að segja frá því sem amar að því.
- Barnið kemur heim með marbletti, sár og klór sem það getur ekki útskýrt.
- Barnið fer að leggja önnur börn og systkini sín í einelti.
- Barnið verður árásargjarnt og erfitt viðureignar.
- Barnið gefur gráleitar skýringar á þeim atriðum sem hér hafa verið talin upp.

Athugið að það eru ekki eingöngu foreldrar barna sem lögð eru í einelti sem þurfa að halda vöku sinni. Foreldrar barna sem leggja önnur börn í einelti þurfa einnig að vera á verði.

(Heimild: *Einelti kemur öllum við*, skýrsla umboðsmanns barna frá 17. október 1998.)

### Ítarefni

Staldrá má lengur við vinnuna gegn einelti og er því bent sérstaklega á forvarnaefni gegn einelti sem ítarefni og til dýpkunar á kennslunni um einelti. Þar er að finna góð ráð til kennara um það hvernig tala á við börn og unglunga sem leggja aðra í einelti og hvernig á að taka á því með bekknum.

Forvarnaefnið heitir *Unglingastarf, fræðsluefni handa tómstundarráðgjöfum* gefið út af ÍTR og Æskunni. Vanda Sigurgeirsdóttir tók efnið saman.

Einnig er hér bent á bækurnar *Einelti* í ritröð uppeldis og menntunar eftir Guðjón Ólafsson 1996 og

*Saman í sátt – leiðir til að fást við einelti og samskiptavanda í skólum*. Höfundur Erling Roland og Grete Sörensen Vaaland. Elín Einarsdóttir og Guðmundur Ingi Leifsson þýddu og staðfærðu. Námsgagnastofnun, Reykjavík, 2001.



*Ræðum í stað þess að rífast*, er grein um framfarir skólabarna í samskiptahæfni eftir Sigrúnu Aðalbjarnadóttur í Nýjum menntamálum 1. tbl. 11. árgangi 1993.

*Saga Dóra*. Myndband sem tekur 17 mínútur að sýna. Myndin fjallar um ósköp venjulegan 11 ára gamlan strák sem lagður er í einelti af skólafélögum sínum. Myndbandið er ætlað grunnskólum og gefið út af Námsgagnastofnun, fræðslu-myndadeild árið 1993.

Einnig er hér bent á skýrsluna *Einelti kemur öllum við* um ráðstefnu umboðsmanns barna um einelti sem haldin var á Hótel Sögu, laugardaginn 17. október 1998 og mikið er vitnað til í þessum kafla.

Þessi rit og mörg önnur má nálgast á bókasafni K.H.Í.

### **Fjölgreindir í þessari kennslustund**

Málgreind: Upplestur, hlustun, reglur skráðar.

Samskiptagreind: Reglur búnar til. Fjallað um einelti.

Sjálfsþekkingargreind: Hvernig bregst ég við ef ég verð vör/var við einelti?

## Kennslustund 11

Í þessari kennslustund er fjallað um illt umtal, hvernig það getur farið hringinn og borist þeim sem talað var um til eyrna. Einnig er fjallað um það hvernig maður styrkir aðra t.d. með því að tala vel um þá.

### Nemendahefti bls. 6

Börnin lesa textann á bls. 6 í nemendaheftinu.

### Umræður

#### Illt umtal:

- Hvað er átt við með því að eitthvað fari hringinn?
- Af hverju er óráðlegt að tala illa um aðra?

Maður getur vanið sig á að tala illa um aðra. Sumir hafa hreint ekkert annað að tala um.

- Ef einhver talar illa um þig, hvað getur þú gert á mótí?
- Hvað er rétt að gera?
- Hvernig líður þér ef einhver hefur talað illa um þig?
- Er hægt að sættast við þá sem tala illa um mann?
- Hvernig fer maður að því?
- Hvað er best að gera?
- Ef þú hefur talað illa um einhvern og sá hinn sami hefur frétt af því og orðið sár út í þig, hvað getur þú gert til þess að sættast við viðkomandi?

#### Gott og uppbyggjandi umtal:

- Hvers vegna er gott að kunna að hrósa öðrum?
- Ef einhver segir eitthvað fallett um þig og þú fréttir það, hvernig líður þér og hvers vegna líður þér þannig?
- Hvað haldið þið að öðrum finnist gott að láta segja um sig?
- Hvernig líður þér þegar þú færð hrós?
- Hvernig gengur þér t.d. í skólanum þegar einhver hrósar þér þar?
- Hefur hrós uppörvandi áhrif á þann sem fær hrósið?
- Hvernig líður þeim sem eru duglegir að hrósa öðrum?
- Ætli þeir fá líka hrós?

Líklegt er að sá sem er duglegur að hrósa fái líka hrós.

### Orðaforði

Eitthvað „fer hringinn“, hrósa, styrkja aðra, uppbyggjandi, niðurrífandi.

### Hvísleikur

Börnin sitja í hring. Einn hugsar upp orð og hvíslar því að næsta manni. Næsti maður hvíslar því svo að þeim næsta og svo koll af kolli, þar til orðið hefur farið hringinn. Þá segir sá sem síðastur er í hringnum orðið upphátt eins og hann eða hún heyrði það.

Þannig má sjá hvort og hvernig orðið hefur breyst á leiðinni.



### **Að senda skeyti**

Börnin sitja í hring og leiðast. Eitt barn situr í miðjum hringnum. Annað barn hefur verið valið til þess að „senda skeyti“. Skeytið er sent með því að barnið kreystir hönd annars hvors sessunautar síns. Barnið á að reyna að gera það á sem minnst áberandi hátt svo barnið í hringnum sjái það ekki. Þegar það hefur sent skeytið af stað segir barnið sem skeytið sendi: „Ég sendi skeyti til Óla“ (nafn einhvers barns í bekknum). Þegar „skeytið“ hefur borist til Óla, segir hann „skeyti móttakið“.

### **Fjölgreindir í þessari kennslustund**

Líkams- og hreyfigreind: Leikir.

Rýmisgreind: Myndir skoðaðar.

Málgreind: Umræður, lestur orðaforði.

Samskiptagreind: Leikir.

Sjálfsþekkingargreind: Vangaveltur um hvað ég gert gert í umræddum kringumstæðum.

## Kennslustund 12

Að kunna að sættast. Hvað er að vera sannur vinur?

### Umræður

- Hvað er að vera sannur vinur?
- Hvernig eru góðir vinir?
- Hvernig vinur heldur þú að þú sért?
- Ef þú heyrir að einhver er að tala illa um vin þinn hvað gerir þú?
- Ef einhver er að stríða vini þínum, hvað gerir þú?
- Ef vinur þinn gerir eitthvað alvarlegt af sér, t.d. stelur einhverju, hvað gerir þú?
- Ef vinur þinn gerir eitthvað slæmt eða hættulegt sem þér líst ekkert á, t.d. fer að reykja, kveikir í sinu eða leggur einhvern í einelti, hvað gerir þú?
- Hvað ætti maður að gera í þessum kringumstæðum?
- Hvernig bregst sannur vinur við?
- Hjálpar það vininum að þegja yfir þessu eða hjálpar það vininum að segja frá?
- Hverjum á maður þá að segja frá? Öllum krökkunum í bekknum? Foreldrum sínum, kennaranum, foreldrum vinarins? Einhverjum öðrum?
- Ef þú og vinur þinn rífast, hvernig farið þið að því að sættast aftur?


Þessar umræður geta tekið nokkurn tíma ef börnin eru móttækileg. Hugsanlegt er að ekki sé hægt að komast yfir mikið meira í þessum tíma. Það er í góðu lagi, því umræðurnar eru mjög þarfar. Hins vegar geta eftirtaldar klípusögur hjálpað svolítið til við umræðurnar ef þess þarf.

### Klípusögur

Ég og vinur minn höfum verið vinir frá því við vorum litlir. Við eru mjög góðir vinir. Við finnum alltaf upp á einhverju skemmtilegu að gera. Ég er oft heima hjá honum og hann hjá mér. En á hverjum degi þegar við erum á leiðinni heim úr skólanum komum við við í búðinni. Það er ekki mín hugmynd, heldur vinar míns. Hann fer nefnilega í búðina til að stela. Mér finnst þetta hræðilegt því ég veit að þetta má ekki og svo er ég líka hræddur um að við verðum gripnir einhvern daginn. Ég skil ekki hvers vegna svona góður og skemmtilegur strákur er að stela. Ekki er hann fátækur. Ég veit ekki hvað ég á að gera. Ég er svo hræddur um að ef ég segi frá verði vinur minn reiður út í mig og vilji ekki vera vinur minn lengur. Hvað á ég að gera?

Ég á tvo mjög góða vini. Annar vinur minn er alltaf að tala illa um hinn vin minn. Mér finnst þetta mjög óþægilegt. Ég veit eiginlega ekkert hvað ég á að segja þegar hann er að tala svona illa um vin minn. Á ég líka að tala illa um hann? Á ég að samþykka það sem hann segir eða á ég að segja að ég vilji ekki tala illa um hann? Ég er svo hræddur um að missa þennan vin ef ég segi eitthvað. Hvað á ég að gera?

Það er oft verið að stríða vinkonu minni. Mér finnst það mjög leiðinlegt og ég veit að henni líður illa út af því. Stundum vil ég ekki leika við hana af því að það er alltaf verið að stríða henni. Þá verður hún reið út í mig og segir að ég sé svikari. Hvað á ég að gera?



Ég og vinkona mín vorum að fara í afmæli til bekkjarsystur okkar. Við vorum búnar að tala um það í nokkra daga að vera samferða í afmælið. Þegar ég kom til hennar, til að vera samferða henni í afmælið var hún farin á undan mér. Ég var mjög sár og reið. Mér finnst hún hafa svikið mig. Síðar frétti ég að hún hafi verið samferða annarri stelpu. Ég vil vera vinkona hennar en mér finnst hún stundum láta svo undarlega. Hvað á ég að gera?

### **Verkefni**

Ljósritið nóg af þessum klípusögum og klippið hverja sögu út fyrir sig. Hver nemandi velur sér eina af þessum klípusögum og límir hana á A4 blað og teiknar mynd við. Ef nemandinn hefur getu til má hann skrifa gott ráð við vandanum neðst á blaðið. Verkefnið má setja í safnmöppuna.

### **Fjölgreindir í þessari kennslustund**

Rýmisgreind: Teikning.


Málgreind: Umræður og lestur.

Samskiptagreind: Börnin velta fyrir sér samskiptum í erfiðum kringumstæðum.

Sjálfsþekkingargreind: Börnin velta fyrir sér viðbrögðum sínum í erfiðum kringumstæðum.







### Heimaverkefni

Börnin eiga að skrifa og læra málsháttinn „Nóg hefur sá sér nægja lætur.“ Skemmtilegt væri ef þau myndskreyttu síðuna líka. Þetta verkefni getur farið í safnmöppur.

### Fjölgreindir í þessari kennslustund

Rýmisgreind: Myndir í kennslubók, heimaverkefni.

Málgreind: Lestur í kennslubók. Umræður. Aukinn orðaforði. Skrifa og læra málshátt, listar skrifaðir.

Sjálfsþekkingargreind: Börnin velta fyrir sér hvað gerir þau hamingjusöm og óhamingjusöm og hvað hamingja sé.

Rök- og stærðfræðigreind: Flokkun í efnislegt og ekki efnislegt.

## Kennslustund 14

Í þessari kennslustund er fjallað um lífsgæðakapplaupið. Íslensk börn taka mörg hver virkan þátt í því og margir foreldrar kannast við setningar á borð við: – ... allir hinir mega það/allir hinir eiga það ...

Börnin eru viðkvæmur hópur sem því miður er fyrir löngu síðan orðinn „neytenda-hópur“ sem auglýsingamarkaðurinn stílar inn á. Hér fá börnin að skoða þetta fyrirbæri „lífsgæðakapplaup“ með gagnrýnum augum.

Það er ekki hægt að fá allt upp í hendurnar!

Hér fyrir neðan koma nokkrar klípusögur. Lesið fyrstu söguna fyrir börnin. Hún er um strákur sem leysir vanda sinn á einfaldan hátt. Skiptið börnunum í nokkra hópa og látið þau vinna saman. Dreifið einni sögu af klípusögunum hér fyrir neðan til hvers hóps.

Hver hópur á að reyna að koma með hugmyndir að lausnum á vandanum. Hugmyndirnar skrá þau hjá sér.

Vel mætti láta börnin gera myndaseríur þar sem klípusagan er sögð, og þau bæta sinni eigin lausn á málinu við söguna. Einnig mætti láta þau finna endi á söguna í sameiningu. Hugsanlega eru fleiri en einn hópur með sömu söguna og þá er gaman að bera saman lausnirnar. Skyldu allir leysa málin á sama hátt?

### **Saga sem lesin er fyrir börnin**

Einu sinni var strákur sem hét Siggi. Hann langaði mikið í trommur, því hann hafði mjög mikinn áhuga á trommum. Pabbi hans og mamma höfðu ekki efni á því að gefa honum trommur. Siggi skildi það ekki í fyrstu en svo ákvað hann að bjarga sér sjálfur. Hann fann alls konar dósir og setti á þær smjörpappír sem hann strengdi á með teygju. Svo fékk hann lánaðar tvær trésléifar í eldhúsinu og notaði þær fyrir trommukjuða. Lokið af einni dósinni negldi hann á prik og notaði það fyrir trommudisk. Svo stillti hann trommusettinu upp. Þetta notaðist hann við þar til hann var búinn að safna sér fyrir gömlu trommusetti sem hann sá auglýst í smáauglýsingum í dagblöðunum.


### **Klípusögur**

Reglur:

Það má ekki leysa málin á þann hátt að það stangist á við skoðanir foreldra barnanna í sögunum.

### **Saga**

Einu sinni var stelpa sem hét Stella. Hana langaði mjög mikið í hlaupahjól. En pabbi hennar og mamma vildu ekki gefa henni það. Hún var mjög leið en svo áttaði hún sig á því að hún gat vel ...



### **Saga**

Einu sinni var strákur sem hét Andri. Hann langaði mjög mikið í gsm síma. Pabbi hans og mamma sögðu að strákur í 4. bekk hefði ekkert við slíkan síma að gera. Andri var mjög óánægður með það. Hann mátti ekki kaupa sér slíkan síma svo ekki dugði fyrir hann að safna sér fyrir honum. Einn daginn fann hann góða lausn á málinu ...

### **Saga**

Einu sinni var stelpa sem hét Sigrún. Hana langaði svo í hest. Pabbi hennar og mamma voru ekkert fyrir hesta svo það var vonlaust fyrir Sigrúnu að eignast hest. Einn daginn datt henni snjallræði í hug ...

### **Saga**

Einu sinni var strákur sem hét Gummi. Hann langaði mjög mikið í leikjatölvu en það voru ekki til peningar á heimilinu til þess að kaupa slíka tölvu. Hann átti líka mjög erfitt með að safna fyrir slíkri tölvu svo hann varð að finna annað ráð. Hann áttaði sig á því að hann gat vel ...

### **Saga**

Einsu sinni var stelpa sem hét Margrét. Hún vildi fara á dansnámskeið. En það var ekki hægt. Vinkona hennar var á dansnámskeiðinu og var búin að læra marga skemmtilega dansa. Margrét reyndi að láta sér detta eitthvað sniðugt í hug og loks fékk hún frábæra hugmynd. Hún ...

### **Heimaverkefni**

Börnin skrifa á blað og myndskreyta „Allt er best í hófi“. Verkefnið getur farið í safnmöppuna.

### **Fjölgreindir í þessari kennslustund**

Rýmisgreind: Myndskreytingar.

Málgreind: Hlustað á sögu. Lokið við sögu, umræður, heimaverkefni.

Samskiptagreind: Hópavinna.

Sjálfsþekkingargreind: Hvernig leysi ég málin?

## Kennslustund 15

Í þessari kennslustund ræðum við um verðgildi peninga. Mörg börn eiga erfitt með að átta sig á allri þeirri vinnu sem liggur að baki þess að afla peninga. Þau átta sig heldur ekki á því hve mikið foreldrar þeirra þurfa að láta af peningum t.d. í mat, húsnæði, bíl og skatta fyrir utan allt mögulegt annað sem fólk þarf að borga.

### Verkefni

Kennslupeningar sem fást t.d. hjá Skólavörubúðinni og eru til í mörgum skólum. Einnig má útbúa leikpeninga eða nota spilapeninga. Hvert barn þarf skæri. Teiknið upp skapalón: hringi, þríhyrninga og ferhyrninga. Hvert barn fær fimm blöð og á að reyna að klippa út eins marga hringi, þríhyrninga og ferhyrninga og það getur úr þessum blöðum. Fyrir hvern hring, ferhyrning og þríhyrning fær barnið borgað þúsund krónur. (Einnig má finna aðra upphæð ef það hentar betur þeim „gjaldmiðli“ sem notaður er.)

### Viðskipta- og vinnuleikur

Börnin eru í þykjustunni fullorðið fólk sem er að vinna í verksmiðju. Verksmiðjan framleiðir hringi, þríhyrninga og ferhyrninga. Fyrir hvern hring, þríhyrning og ferhyrning sem maður klippir út fær maður þrjár perlur. Það verður alltaf að klippa til skiptis hring, þríhyrning og ferhyrning. Sá sem getur klippt út flesta hringi, þríhyrninga og ferhyrninga fær mesta kaupid.

Hvert barn fær tvö A4 blöð. Kennarinn lætur börnin fá skapalón til að klippa eftir svo allir séu með sömu stærð af hringjum, ferhyrningum og þríhyrningum.

Þegar hvert barn hefur lokið við að klippa út úr sínum blöðum fer það til vinnuveitandans sem telur afraksturinn og lætur börnin fá perlur í samræmi við þann fjölda þríhyrninga, hringa og ferhyrninga sem þau gátu klippt út. Vinnuveitandinn gæti t.d. verið barn úr bekknum eða kennarinn.

Því næst á barnið að draga miða úr bunka. (Sjá textana á miðunum hér fyrir aftan. En miðana þarf að ljósrita þannig að það sama komi á marga miða.)

Barnið les það sem stendur á miðanum og borgar eins margar perlur og fyrir það er lagt á miðanum. Síðan dregur það annan miða og gerir það sem á honum stendur. Hvert barn á að draga fjóra miða (einn miða í einu) og borga það sem stendur á miðanum. Kennarinn hjálpar hverjum og einum að reikna það út eða börnin hjálpast að við útreikningana.

Að lokum eiga börnin að telja hvað þau eiga margar perlur eftir þegar þau hafa borgað allt sem þau þurftu að borga. Þá geta þau ákveðið hvað þau ætla að gera við afganginn.

Á bls. 38 er listi yfir allt mögulegt. Listann má ljósrita og láta hvert barn eða hvert borð fá.



Börnin eiga að skrifa hjá sér hvað þau „keyptu“ af listanum samkvæmt miðunum og hvað það kostaði og hvort þau eiga afgang af perlunum sínum. Kennarinn fer síðan yfir það með börnunum hvort þau hafi reiknað rétt.

### Miðar sem börnin eiga að draga

Ljósritið nóg af hverjum og klippið út. Setjið miðana í fjóra bunka því öll börnin eiga að draga einn miða af hverri tegund. Miðar fjögur eru mismunandi. Þeir eru aukaútgjöld, því allt getur komið upp á.

<b>Miði 1</b> Þú þarft að borga skatt. Í skatt áttu að borga helminginn af laununum þínum. Skiptu laununum þínum í tvo jafna hluta og borgaðu skattinn. Þá áttu eftir helming af laununum þínum.	<b>Miði 2</b> Þú þarft að kaupa í matinn. Skiptu því sem þú átt eftir af laununum í þrennt. Notaðu einn hluta af þessum þremur til þess að kaupa mat fyrir þennan mánuð. Þú átt þá tvo hluta eftir.
<b>Miði 3</b> Þú þarft að kaupa bensín á bílinn. Skiptu því sem þú átt eftir af laununum þínum í þrjá hluta og borgaðu einn hlutann í bensín.	<b>Miði 4a</b> Barnið þitt vantar úlpu. Úlpa kostar fjórar perlar. Hefur þú efni á því? Teldu perlurnar þínar og vittu hvort þú átt nóg.
<b>Miði 4b</b> Barnið þitt biður þig að gefa sér gsm síma. Slíkur sími kostar fimm perlar. Hefur þú efni á því? Til þess að vita hvort þú hefur efni á því, skaltu telja perlurnar þínar.	<b>Miði 4c</b> Barnið þitt vantar nýja skólatösku. Skólataska kostar þrjár perlar. Hefur þú efni á því? Til þess að vita hvort þú hefur efni á því, skaltu telja perlurnar þínar.
<b>Miði 4d</b> Barnið þitt vill fara á dansnámskeið. Dansnámskeiðið kostar þrjár perlar. Hefur þú efni á því? Til þess að vita hvort þú hefur efni á því, skaltu telja perlurnar þínar.	<b>Miði 4e</b> Barnið þitt vill fara til útlanda. Það kostar 25 perlar fyrir alla fjölskylduna. Hefur þú efni á því? Til þess að vita hvort þú hefur efni á því, skaltu telja perlurnar þínar.
<b>Miði 4f</b> Barnið þitt vill fara í bíó með vinum sínum. Það kostar tvær perlar. Hefur þú efni á því? Til þess að vita hvort þú hefur efni á því, skaltu telja perlurnar þínar.	<b>Miði 4g</b> Barnið þitt vantar nýjar buxur. Ódýrar buxur kosta þrjár perlar. Dýrari buxur kosta sex perlar. Hefurðu efni á ódýrum buxum? En hefurðu efni á þeim dýrari? Teldu perlurnar þínar.

Ef börnin eiga afgang af perlunum sínum eftir að hafa dregið alla fjóra miðana má láta þau fá lista yfir fleira sem hægt er að gera við peningana.

Gsm sími 5 perlur

Nýr bíll 50 perlur.

Bolti 1 perla

Hestur 40 perlur

Hundur 20 perlur

Skemmtileg bók 2 perlur

Bíóferð 2 perlur

Bland í poka 1 perla

Út að borða á hamborgarastað 4 perlur

Sundlaugarferð 1 perla

Buxur 4 perlur

Peysa 3 perlur

Húfa 2 perlur

Skór 6 perlur

Barbídót 4 perlur

Sjónvarp 10 perlur

Gosflaska 1 perla

Einnig má setja afganginn eða hluta af pengingunum í banka og geyma þá þar.

### **Fjölgreindir í þessari kennslustund**


Líkams- og hreyfigreind: Skapalónin klipt út.

Málgreind: Lestur á miðana. Lestur í kennsluhefti.

Samskiptagreind: Þolinmæði meðan kennarinn er að aðstoða önnur börn.

Sjálfsþekkingargreind: Áætlun og íhugun í leiknum.

Rök- og stærðfræðigreind: Útreikningur á kostnaði og eyðslu.



## Kennslustund 16

Fjármál vefjast eðlilega oft fyrir börnum. Þau skynja ekki hvaðan peningar koma og í hvað þeir fara. Mörgum þeirra finnst eðlilegt og sjálfsagt að knýja fram það sem þau vilja kaupa, með ýmsum leiðum. Þau eiga erfitt með að skilja af hverju foreldrar þeirra neita þeim um það sem þau eru að biðja um. Hvers vegna er ekki bara hægt að borga allt með ávísunum eða vísakortinu? Í þessari kennslustund höldum við áfram með fjármálaumræðuna og ræðum bæði um flæðið á milli eyðslu og bankans og viðskipta.

### Nemendahefti bls. 8

Sagan í nemendaheftinu lesin fyrir börnin og rædd.

### Umræður

(Gott væri ef kennarinn hefði ávísanahefti sem sýnishorn, bankabók og kredit og debetkort. Síðan mætti hann gjarnan notast við leikpeningana sem notaðir voru í síðustu kennslustund).

### Ávísanir

- Af hverju gat mamman í sögunni ekki bara borgað með ávísun?
- Hvað eru ávísanir? Kennarinn sýnir ávísanahefti.

Sá sem á peninga í banka getur, ef hann er orðinn fullorðinn, átt ávísanahefti. Ávísanirnar í heftinu hafa talnaröð og talnaröðin vísar tölvunum í búðunum beint inn á reikninginn sem geymir peningana í bankanum.

Kennarinn getur teiknað Óla prik á töfluna. Óli prik er Jón Jónsson.

Kennarinn teiknar bankann (hús). Jón Jónsson á peninga í banka. Hann geymir þá á bankareikningi. Bankareikningurinn hefur númer. Númerið er 44557. Jón Jónsson þarf að muna númerið. Því þetta númer er nafnið á reikningnum. Ef Jón Jónsson fær laun, leggur vinnuveitandinn hans launin inn á reikninginn hans í bankanum. Þegar Jón Jónsson skrifar ávísun, er hann að segja bankanum að taka peninga af reikningnum. Ef hann á 1000 krónur inni á reikningnum og skrifar 100 króna ávísun hvað á hann þá mikið eftir af peningum inni á reikningnum?

Þegar Jón Jónsson skrifar ávísun og kaupir eitthvað með henni í búðinni, sendir búðin ávísunina í bankann. Bankinn skiptir á ávísuninni og peningunum við búðina. Búðin fær því af reikningi Jóns sömu peningaupphæð og Jón skrifaði á ávísunina.

Það er ekki hægt að skrifa ávísun nema eiga reikning í bankanum og að það séu nægir peningar inni á reikningnum.

- Hvaðan koma peningarnir inn á bankareikninginn?
- Hvað gerist ef maður skrifar ávísun?
- Hver fær ávísunina og hvert fer hún?
- Hvað gerir bankinn þegar ávísunin kemur þangað? Þá tekur bankinn peninga út af reikningnum sem við eigum og lætur búðina fá þá.

## Kreditkort

Kennarinn sýnir börnunum kreditkort. Sumir nota vísakort. Vísakortin eru svokölluð kreditkort. Kredit þýðir að við fáum lánaða peninga hjá bankanum en eigum þá ekki inni á reikningi í bankanum.

Jón Jónsson á kreditkort. Hann kaupir gsm síma og borgar með kreditkorti. Tölvun í búðinni lætur bankann vita að Jón hafi fengið lánaða ákveðna upphæð fyrir gema. Um næstu mánaðamót sendir bankinn Jóni bréf. Þar stendur að Jón skuldi bankanum peninga fyrir símanum og Jón þarf þá að borga símann.

## Debetkort

Kennarinn sýnir börnunum debetkort. Sumir nota debetkort. Þau líta alveg eins út og kreditkort. En debet þýðir að við eigum pening inni í banka og þegar við borgum með debetkortinu segir tölvun í búðinni bankanum að taka peningana af reikningnum sem við eigum þar.

Hlutverkaleikur til nánari útskýringar á debetkortum og ávísanaviðskiptum Börnin í bekknum fá spilapeninga. Þau eiga að fara með peningana í bankann. Eitt barn leikur bankastjóran. Hjá bankastjóranum er kassi og umslög sem eru jafnmörg börnunum í bekknum og penni. Kennarinn fer síðastur til bankastjórans og hann fær „ávísanahefti“.

Börnin mynda röð fyrir framan borð bankastjórans með peningana sína og bankastjórinn tekur peningana og setur þá í umslag og merkir umslagið nafni barnsins. Síðan setur hann umslagið í kassann. Til þess að flýta fyrir mætti hafa tvo til þrjá bankastjóra.


Kennarinn fær „ávísanahefti“ sem hann notar til þess að sýna börnunum samhengið á milli ávísana og reikningsins í bankanum.

Veljið barn sem á að afgreiða í verslun. Kennarinn fer og kaupir eitthvað í búðinni og skrifar ávísun. Búðarbarnið fer þá til bankastjórans með ávísunina og lætur hann fá hana. Bankastjórinn lítur á ávísunina og sér upphæðina og opnar umslag sem merkt er kennaranum. Hann lætur búðarbarnið fá nákvæmlega sömu peningaupphæð úr kassanum og stendur á ávísuninni sem barnið lét hann fá.

## Leirleikur

Öll börnin fá leirklump. Nú eiga börnin að opna bílaverksmiðju. Hvert barn þarf að búa til bíla í tiltekinni stærð. Kennarinn fær börn til þess að búa til „peningapoka“ úr leir á borð við þá sem Jóakim frændi í Andrésblöðunum á. Peningapokarnir þurfa að vera jafnstórir og nokkuð margir svo allir fái a.m.k. fimm peningapoka. Peningapokana geta börnin notað til þess að kaupa bíla hvert af öðru. Sá sem selur bíl getur annaðhvort notað peningapokana sem hann fær til þess að búa til fleiri bíla til að selja eða til þess að kaupa fleiri bíla af öðrum. Andvirði bílsins getur t.d. verið miðað við það leirmagn sem er í honum og hve vandaður bíllinn er. Ef leirmagnið er t.d. það sama og er í einum peningapoka, gæti bíllinn kostað einn og hálfan peningapoka. Það þarf alltaf að borga svölítið fyrir vinnuna en ekki bara fyrir efnið. Efnið í alla hluti kostar peninga og vinnan við að setja þá saman kostar líka peninga.





### **Fjölgreindir í þessari kennslustund**

Líkams- og hreyfigreind: Leirað – æfing í fínhyfingum.

Rýmisgreind: Börnin móta bíla og peningapoka úr leir.

Málgreind: Hlustun.

Samskiptagreind: Leirleikur, skilningur á flæði peninga á milli neytenda og banka og á milli framleiðslu og neytenda.

Rök- og stærðfræðigreind: Viðskipti með bíla og peningapoka. Skilningur á samhengi á milli bankareikninga og peninga.

## Kennslustund 17

Nú höfum við rætt um peninga, eyðslu og verðgildi peninga. Í þessari kennslustund horfum við aðeins út fyrir veruleika okkar á Íslandi og skoðum hvernig fólk hefur það í öðrum löndum. Mörg íslensk börn búa við mikla velmegun og flest eiga þau allt sem hugurinn girnist. Börnin eru stór neytendahópur en með fræðslunni í þessari kennslustund og í þeirri næstu er leitast við að fá börnin til þess að læra að gefa og leggja eitthvað af mörkum í þágu annarra.

### Nemendahefti bls. 9

Sagan er lesin fyrir börnin og þau skoða myndina á bls. 9 í nemendaheftinu.

### Umræður

Strákurinn í sögunni er að velta fyrir sér hver eigi hvað og hver sé þá merkilegastur og hamingjusamastur.

- Af hverju eru krakkar að eltast við að eiga alla mögulega hluti?
- Finnst mörgum krökkum nauðsynlegt að eiga allt það sama og hinir?
- Af hverju? Af hverju ekki?

Það að finnast maður þurfa að eignast allt sem hinir eiga og helst meira er kallað lífsgæðakapphlaup. Það er eins og allir séu í kapphlaupi við að eiga sem mest, best og flottast. Þetta á bæði við um fullorðna og börn.

- Af hverju er þetta svona?
- Hvers vegna vilja foreldrar ekki alltaf kaupa allt sem börnin þeirra biðja um?
- Ef foreldrarnir ættu nóg af peningum fyndist ykkur þá að þeir ættu að kaupa allt fyrir börnin sem þau biðja um?
- Af hverju? Af hverju ekki?
- Hvernig líður barni sem á ekkert af því sem það heldur að allir hinir eigi?
- Af hverju finnst því að það þurfi að eiga allt eða a.m.k. eitthvað af því sem hinir eiga?
- Er hægt að fara einhvern milliveg í lífsgæðakapphlaupinu?
- Hvað er það sem gerir börn virkilega glöð og hamingjusöm?
- Er það það sem þau eiga eða eignast, eða eitthvað allt annað? Hvað?

### Umræður um mynd

- Hver er munurinn á börnunum tveimur á myndinni? Annað barnið er að drukna í hlutum. Hitt barnið er fátækara. Það virðist ekki eiga neitt.
- Er eitthvað þarna sem barnið sem á alla hlutina gæti vel komist af með?

Sumir eru fátækir og aðrir eru ríkir.

- Hvernig ætli standi á því?

### Verkefni

Börnin skoða landakort og velta fyrir sér hvaða lönd séu rík og hvaða fátæk. Ríku löndin eru mun færri en fátæku löndin.



Kannið hvaða börn hafa lesið *Söguna af Bláa hnettinum* eftir Andra Snæ (eða séð leikritið).

Lesið valinn kafla úr bókinni eða rifjið upp innihald bókarinnar með börnunum.

### **Sagan af Bláa hnettinum í stuttu máli**

Börnin sem bjuggu á Bláa hnettinum voru hamingjusöm. Þau léku sér og leið vel og þau skorti ekki neitt. Dag nokkurn kom maður, Gleði-glaumur að nafni og taldi þeim trú um að þau vantaði hitt og þetta. Þau þyrftu t.d. að geta flogið og til þess þurftu þau fiðrildaryk og til þess að fá nóg af því þurfti sólin alltaf að skína. En þessi plat hamingja var ekki ókeypis. Börnin þurftu að borga fyrir að geta flogið með því að gefa Gleði-glaumi æsku sína.

Gleði-glaumur negldi sólina fasta á himininn svo hún myndi alltaf skína á börnin og þau voru glöð og hamingjusöm.

Hinum megin á hnettinum kom því aldrei sólarupprás. Börnin sem bjuggu þar voru í stöðugu myrkri og þau botnuðu ekkert í því hvers vegna sólin var hætt að skína á þau.

Tvö börn fóru í leiðangur þangað sem börnin í myrkrinu bjuggu. Þegar þau áttuðu sig á því að þau höfðu tekið sólina frá þeim skömmuðust þau sín svo mikið að þau lugu því að sólin skini ekki heldur hjá þeim.

Þá ákváðu börnin sem enga sól höfðu að senda hjálpargögn til þeirra: Teppi, mat og fleira. Þá skömmuðust börnin sem höfðu sólina sín ennþá meira.

Þetta endaði með því að naglinn var tekinn úr sólinni svo hún skini jafnt á öll börn. Þá fengu öll börn sinn skammt af myrkri á nóttunni og sinn skammt af sólskini á daginn.

### **Umræðurnar halda áfram**

- Hvað kennir þessi saga okkur um börnin í fátæku löndunum?
- En hvað kennir hún okkur um börnin í ríku löndunum?
- Finnst ykkur að börnin sem létu negla sólina fasta beri ekki svolitla ábyrgð á því hvernig komið er fyrir börnunum sem enga sól höfðu?
- En finnst ykkur þá að börnin eða fólkinn í ríku löndunum ætti ekki alveg eins að bera ábyrgð á börnunum og fólkinu í fátæku löndunum?
- Er eitthvað sem íslensk börn geta gert til þess að hjálpa fátækum börnum í öðrum löndum?

Skrifið niður tillögur barnanna á töflu. Ef börnin hafa engar tillögur má hjálpa þeim. Sum börn halda tombólu til styrktar Hjálparstarfi kirkjunnar eða Rauða krossinum og fá þessar hjálparstofnanir til þess að senda peninga sem safnast til fátæku landanna.

Ef allir leggjast á eitt er hægt að bjarga mörgum börnum.

## Verkefni

Athugið að hér er tilvalið að virkja foreldrana til samstarfs.

Kennarinn getur minnt bekkinn á bekkjarfélagið sem stofnað var í upphafi vetrar. Nú sé komið verkefni fyrir það.

Tillögur að söfunarverkefnum fyrir bekkinn (athugið að fleiri bekkir geta sameinast um verkefnið).

Eftirfarandi verkefni krefst undirbúnings nemenda, kennara og foreldra.

Dótasala: Bekkurinn fær leyfi til þess að halda dótasölu í skólanum. Þangað geta börn komið með gömul en heilleg leikföng og selt þau og lagt ágóðann í söfnunina.

Tombóla: Bekkjarfélagar halda tombólu. Allir gefa einhvern hlut á tombóluna og selja síðan tombólumiðana á skólaskemmtun eða þar sem það hentar.

Hæfileikakeppni: Börnin halda hæfileikakeppni og foreldrar kaupa sig inn á hæfileikakeppnina. Ágóðinn rennur allur í söfnunina.

Bingó: Foreldrafélag bekkjarins og börnin í bekknum hafa bingó. Einhverjir þurfa að útvega vinninga. Hver leikmaður þarf að borga tiltekna upphæð til þess að fá að spila með.

Vel mætti vekja athygli staðarfjölmíðla á söfnun barnanna.

## Uppskera

Í lok fjármögnunarinnar er talið hve mikið safnaðist og reynt að fá fulltrúa frá hjálparstarfi í heimsókn til þess að taka við peningunum.

## Ítarefni

Spil sem heitir „Hvar í heiminum“ og gefið er út af Skálholtsútgáfu. Spilið sýnir börnunum hvað margt getur verið ósanngjarnt í lífinu. Börnin fá hlutverk. Sum fá það hlutverk að vera alin upp á Íslandi, önnur eru alin upp í fátæku landi þar sem fátt er í boði annað en strit. Þetta er óvenjulegt spil sem vert er að leyfa börnunum að prófa.

## Fjölgreindir í þessari kennslustund

Líkams- og hreyfigreind: Hæfileikakeppni og undirbúningur fyrir hana.


Rýmisgreind: Myndir í kennslubók skoðaðar.

Málgreind: Umræður og hlustun á sögu.

Samskiptagreind: Samábyrgð gagnvart öðru fólki.

Rök- og stærðfræðigreind: Fjármögnun og talning. Spil „Hvar í heiminum“.

Umhverfisgreind: Landakort skoðað. Líf í öðrum löndum skoðað.



## Kennslustund 18

Í þessari kennslustund er haldið áfram með umræðuna um fátækt í heiminum og hvað þeir sem meira eiga geta gefið til þess að hjálpa.

### Hér koma tillögur að nokkrum verkefnum

- Börnin yrkja ljóð um fátækt í heiminum og myndskreyta það.
- Börnin skrifa sögu um fátækt í heiminum og hvernig hægt er að hjálpa.
- Börnin teikna mynd af fátæku fólki.

Vel mætti láta börnin velja á milli verkefna og gera fleiri en eitt ef þau eru fljót. Verkefnið mætti setja í safnmöppuna.

### Tónlist

Meðan börnin eru að vinna mætti spila tónlist með lögum sem vísa til fátækta og hjálparstarfs. Eins mætti láta þau hlusta á rólega klassíska tónlist. Markmiðið með því að spila fremur rólega tónlist er að vekja samhygð og samúð.

### Söfnunarbaukar

- Hægt er að fá söfnunarbauka úr kartoni hjá Hjálparstarfi kirkjunnar. Hvert barn skreytir sinn kassa t.d. með lituðu kartoni, hvítum pappír og tússi eða með filti. Kassann fara börnin með heim og safna í hann í tiltekinn tíma. Börnin skila baukunum síðan til kennarans sem getur komið þeim áleiðis til Hjálparstarfs kirkjunnar, sóknarprests, Rauða krossins eða annars hjálparstarfs.

### Fjölgreindir í þessari kennslustund

Líkams- og hreyfigreind: Föndur með söfnunarbauka.

Rýmisgreind: Teikning og föndur.

Málgreind: Umræður, ritun.

Samskiptagreind: Börnin hugsa um samábyrgð sína gagnvart öðru fólki.

Tónlistagreind: Unnið undir áhrifum tónlistar.

## Kennslustund 19

Hvað er sjálfsagt og ekki sjálfsagt? Að vera sáttur við sjálfan sig. Að vera sáttur við lífið og tilveruna.

### Nemendahefti bls. 10

Börnin lesa textann á bls.10 í nemendaheftinu og bera frásagnirnar saman.

### Umræður

- Hvað fannst ykkur um líf litlu stelpunnar í Afríku? Þetta er raunveruleiki margra barna.
- Hvað fannst ykkur um líf íslenska barnsins?
- Hvort haldið þið að sé auðveldara?
- Hvort hefur íslenska barnið eða afríska barnið meiri lífsgæði?

Það sem okkur finnst sjálfsagt hér á Íslandi, finnst börnum í sumum löndum óhugsandi og ævintýralegt. Stelpan segist hafa heyrt um krana í húsum í útlöndum. Hún hefur ekki einu sinni séð þannig krana.

### Verkefni sem börnin eiga að leysa

Má ljósrita fyrir börnin.

Verkefni – Hvað er sjálfsagt?
1. Í hvernig húsi bjó íslenska barnið?
2. Í hvernig húsi bjó afríska barnið?
3. Hvernig gat afríska barnið fengið vatn?
4. Hvernig gat íslenska barnið fengið vatn?
5. Hvar svaf afríska barnið?
6. Hvar svaf íslenska barnið?
7. Hvað gerir íslenska barnið á daginn?
8. Hvað gerir afríska barnið á daginn?
9. Hvað er nægjusemi?

### Umræður

Það er margt sem okkur, hér á Íslandi, finnst sjálfsagt en fólki í öðrum löndum finnst ekki sjálfsagt. Fáíð börnin til þess að koma með hugmyndir um hvað þeim finnst sjálfsagt og hvað þeim finnst ekki sjálfsagt.

- Ætli það sé til fátækt á Íslandi?
- Hvað er hægt að gera fyrir þá sem búa á Íslandi og eru fátækir?

### Leikur

Hvort er auðveldara að skrúfa frá krana eða sækja vatn í brunn?



Börnin ganga með vatnsglas (mætti vera einnota plastglas) á höfðinu yfir kennslustofuna eitt og eitt, eða nokkur í einu. Það barn sem kemst lengst með glasið á höfðinu vinnur. Einnig mætti leyfa þeim að ganga með bók á höfðinu.

Nefna má meðan á leiknum stendur að krukkan sem stelpan í Afríku bar á höfðinu var mun þyngri, með nokkrum lítrum af vatni. Fólkið í Afríku heldur gjarnan á hlutum á þennan hátt. Það er orðið mjög leikið í því. Litlir krakkar allt niður í fjögurra ára geta gert þetta. Þar þykir það sjálfsagt að allir geti borið hluti á höfðinu. Þetta er að sjálfsögðu æfingaratriði. Æfingin skapar meistarann.

Til þess að börn átti sig á þyngdinni mætti fylla tveggja lítra gosflösku og koma með blómavasa úr leir og leyfa börnunum að halda á þessu. Rifjið upp fyrir börnunum að stelpan þurfti að ganga berfætt tvo kílómetra aðra leiðina og tvo aftur til baka. Berið vegalengdina saman við sambærilega vegalengd í umhverfi barnanna.

### **Heimaverkefni**

Börnin velja hvað af eftirfarandi þau skrifa og myndskreyta síðan:

Ég er svo heppin af því að ég á ... hef ... get ... kann ...

### **Fjölgreindir í þessari kennslustund**

Líkams- og hreyfigreind: Leikur.

Málgreind: Lestur, umræður, ritun.

Samskiptagreind: Leikur.

Rök- og stærðfræðigreind: Vegalengd og þyngd í leiknum.

Umhverfisgreind: Samanburður á umhverfi og aðstæðum á Íslandi og í Afríku.

## Kennslustund 20

Í þessari kennslustund er rætt um mikilvægi skóla og menntunar. Markmiðið er að börnin læri að menntun er undirstaða fyrir betra líf. Þær þjóðir sem geta menntað fólkið sitt eru betur staddar en þær sem ekki hafa möguleika á því að mennta alla.

### Nemendahefti bls. 10

Í síðustu kennslustundum var rætt um fátækt og hjálparstarf. Vel mætti lesa bls. 10 aftur og vekja athygli barnanna á því að mörg börn fá ekki að fara í skóla. Þau börn þrá að fá að fara í skóla því menntunin er það eina sem getur bjargað þeim frá fátækt.

### Umræður

- Hvers vegna þurfa börn að fara í skóla?

Skráið niður svör barnanna eða ræðið þau. Markmiðið er að börnin skilji að mennt er máttur. Þjóð sem hefur góða menntun er rík þjóð. Þess vegna geta íslensk börn verið þakklát og ánægð með að fá að fara í skóla. Börn í fátækum löndum skilja möguleikana sem felast í því að fá að ganga í skóla.

– Sá sem kann að lesa getur fræðst um ýmis mál. Sá sem kann að lesa getur t.d. lesið leiðbeiningar á ýmsum vörum og varast hættur. Lesið fræðslubækur og víkkað sjóndeildarhring sinn. Lesið sér til um ýmislegt sem getur gagnast honum sjálfum og öðrum.

– Sá sem kann að reikna getur reiknað út ýmislegt og gert fjármálaáætlanir. Sá sem kann að reikna hefur góðan skilning á ýmsu varðandi tölur. Það getur verið gott að vinna við eitthvað svoleiðis í framtíðinni.

– Sá sem kann að skrifa rétt og vel, getur líka unnið við það. Góð vinna getur gefið góð laun.

– Sá sem kann að teikna og er vel að sér í listum getur einnig unnið skemmtilega vinnu og fengið peninga fyrir.

– Sá sem kann að spila á hljóðfæri getur líka unnið fyrir sér á þann hátt. Fáíð börnin til að nefna fleiri dæmi.


Öll menntun er góð og hjálpar okkur að verða betri og hæfari einstaklingar og gefur okkur mikla möguleika í lífinu.

Hér má einnig tala um sjálfsmenntun sem er líka góð menntun. Margir eru víðlesnir eða hafa víðtæka reynslu þótt þeir hafi aldrei farið í skóla.

### Verkefni

Heimsókn á bókasafnið. Markmiðið með bókasafnsheimsókninni er að börnin læri að þau hafi flest allt sem þarf til þess að afla sér menntunar. Menntun er í rauninni





færni af ýmsu tagi, upplýsingar og lærdómur sem gerir þau að hæfari einstaklingum.

Börnin eiga að finna fræðslubækur eða fræðslutímarit og skoða þau í tiltekinn tíma. Bekkurinn fer síðan aftur í kennslustofuna og hvert barn á að fara „upp í púlt“ og segja frá því hvaða bók eða tímarit hann/hún skoðaði og segja frá því hvers það varð vísara eða hvað það lærði.

Ekki má gleyma handverkinu. Eflaust má finna bækur eða upplýsingar um það á bókasafninu.

### **Verkefni**

Nemendur finna eins margar starfsgreinar og þeir geta og lýsa þeim.

### **Fjölgreindir í þessari kennslustund**

Rýmisgreind: Myndir í bókum skoðaðar.

Málgreind: Lestur. Standa upp og tala fyrir framan hópinn.

Samskiptagreind: Að geta staðið upp og tjáð sig fyrir framan hóp.

Sjálfsþekkingargreind: Vangaveltur um það hvað hver einstaklingur getur sjálfur lært.

Rök- og stærðfræðigreind: Ef börnin hafa valið sér bók eða tímarit um stærðfræði á bókasafni.

Tónlistargreind: Ef börnin hafa valið sér bók eða tímarit um tónlist á bókasafni.

Umhverfisgreind: Ef börnin hafa valið sér bók eða tímarit um náttúrulíf, dýralíf eða annað í umhverfinu á bókasafni.

## Kennslustund 21

Erfiðar tilfinningar. Hvernig er best að bregðast við þeim?

### Tilfinningakubburinn

Kennarinn skrifar sex erfiðar tilfinningar á trékubb. Eina á hverja hlið. Dæmi um erfiðar tilfinningar sem mætti skrifa á kubbinn: Reiði, ótti, kvíði, sorg, leiði, óhamingja, ósætti o.s.frv.

Fyrst kastar kennarinn tilfinningakubbum og einhver tiltekin tilfinning sem hann hefur skrifað kemur upp. Kennarinn les hvaða tilfinning það var og segir hvernig honum finnst best að bregðast við þegar þessi tilfinning kemur hjá honum. Síðan lætur hann kubbinn ganga og hvert barn kastar honum upp og ræðir um þá tilfinningu sem kemur upp og hvernig það bregst við slíkum tilfinningum. Vel mætti hjálpa barninu ef það veit ekki hvernig best er að bregðast við tilfinningunni sem upp kemur, með því að fá hin börnin í lið með því. Segjum að tilfinningin reiði komi upp á teningnum og ef barnið veit ekki hvernig best er að bregðast við reiði getur verið að einhver annar í bekknum hafi tillögu.

Hafa skal í huga að markmiðið með þessu verkefni er að rifja upp og festa í sessi þá hugmynd að það er best að sefa erfiðar tilfinningar. Það er aldrei gott að missa stjórn á sér. Hins vegar á ekki að bæla erfiðar tilfinningar niður.

Dæmi: Það er ekki gott að brjálást af reiði, því þá getur maður gert eða sagt eitthvað sem hefur eftirmála.

Það er ekki gott að vera kvikindislegur við einhvern ef maður er öfundsjúkur við hann, því það gæti komið manni í koll síðar. Það borgar sig að koma vel fram.

Tilfinningar sem eru þess eðlis að hætt er við að maður skaði einhvern er mikilvægt að hemja. Tilfinningar eins og sorg eru öðruvísi. Sá sorgmæddi verður að fá að gráta ef hann þarf þess. Tilfinningar eins og kvíði eru hins vegar þannig að oft er gott að horfast í augu við kvíðann og hugsa um það jákvæða í stöðunni.


Vel mætti breyta verkefninu þannig að börnin kasti upp teningnum sínum og segi hvernig þeim finnst best að bregast við ef einhver annar í kringum þau er með þessar tilfinningar.

### Fjölgreindir í þessari kennslustund

Málgreind: Umræður.

Samskiptagreind: Polinmæði þegar aðrir eru að tala í heimakróki. Viðbrögð við tilfinningum annarra eru skoðuð.

Sjálfspækingargreind: Börnin skoða viðbrögð sín við tilfinningum sínum- og annarra.



## Kennslustund 22

Í þessari kennslustund fjöllum við um að hver einstaklingur býr yfir margvíslegum eiginleikum og einkennum. Einkennin eru t.d. á skapferli okkar og á samspili því sem á sér stað á milli fólks. Við líkjum manneskjunni við tening sem hefur margar hliðar en snýr bara einni hlið upp í einu.

### Nemendahefti bls. 11

Börnin lesa og skoða bls. 11 í nemendaheftinu.

### Umræður

Það eru margar hliðar á einni manneskju. Við sýnum ekki öllum allar okkar tilfinningar. Innan um ókunnuga erum við oftar dugleg að stilla okkur og sýna ekki hvernig okkur líður. En t.d. hjá pabba og mömmu gegnir öðru máli. Sumir krakkar leyfa sér að væla og suða í foreldrum sínum en gera það t.d. ekki við ókunnugt fólk sem þeir hitta úti á götu.

### Nokkrar dæmisögur um mismunandi hliðar sem fólk sýnir

Lesið dæmisögunar fyrir börnin og ræðið þær eftir því sem tími vinnst til.

Stebbi og Anna eru tvíburar. Þegar þau eru tvö ein leika þau sér mjög vel saman. Þau tala um alla heima og geima og eru bestu vinir. En þegar þau eru í skólanum eru þau hvort í sínum bekknum. Þá þykist Stebbi varla þekkja Önnu. Anna skilur ekkert í þessu. Henni finnst að Stebbi ætti að sýna sér sömu hlið í skólanum og hann gerir heima. En Stebbi vill frekar leika við strákana.

Mamma hennar Gunnu vinnur í matvöruversluninni í hverfinu. Þegar Gunna kemur í búðina vill hún að mamma knúsi sig og kyssi en mamma er að afgreiða fólk og knúsar hana því ekki. Gunnu finnst að mamma hennar eigi að vera eins og hún er venjulega þegar þær eru báðar heima.

Pabbi hans Sigga er oft að síða hann til. Honum finnst Sigggi alls ekki nógu stilltur. Honum finnst Sigggi ganga illa um heimilið og herbergið sitt. Sigggi á lítinn bróður sem er bara eins árs. Pabbi skammar litla bróður aldrei. Samt er litli bróðir oft að grenja og kúkar meira að segja í buxurnar. Eitthvað mundi pabbi nú segja ef Sigggi léti þannig!

Hins vegar fer pabbi aldrei í fótbolta við litla bróður og þeir horfa heldur aldrei saman á sjónvarpið. Það gera Sigggi og pabbi hans oft.

Pabbi er mjög ástfanginn af mömmu. Alltaf þegar hann kemur heim úr vinnunni kyssir hann hana beint á munninn. Mamma er líka mjög ástfangin af pabba og kyssir hann á móti. Þegar pabbi hittir konuna í næsta húsi kyssir hann hana aldrei. Hún kyssir hann ekki heldur. Þau tala kurteislega saman um trén í garðinum og kantinn sem er á milli lóðanna.

Við getum ekki sýnt öllum sömu hliðina! Það væri meira en lítið skrítið. Stundum sýnum við einni manneskju margar hliðar. Stebbi sýnir Önnu t.d. tvær hliðar á sér í fyrstu sögunni.

### Tarsan og Jane leikurinn

Þessi leikur minnir á leikinn blað, steinn, skæri.

Tarsan: Spennir vöðvana á annarri hendinni.

Jane: Segir: Hæ!

Tígrisdýrið: Sýnir klærnar og öskrar tígrisdýraöskri.

Tarsan vinnur tígrisdýrið.

Tígrisdýrið vinnur Jane.

Jane vinnur Tarsan.

Tvö og tvö börn snúa bókum saman. Hvert barn ákveður fyrir sig, í hvert skipti, hvort það ætlar að vera Tarsan, Jane eða tígrisdýrið. Kennarinn telur einn, tveir og nú og þá eiga börnin að snúa sér snögg við og gera tákni sem Tarsan, Jane eða tígrisdýrið.

Sá sem tapar er úr og smátt og smátt þynnist í hópnum þar til einn sigurvegari er eftir.

(Úr bókinni *Leikir og létt gaman*, 2000, Skálholtsútgáfan.)

### Teningaverkefni

Hvert barn fær tvo teninga, blað og blýant. Það á að finna út á hve mörgum mismunandi hliðum teningarnir geta mæst.

Dæmi: hlið 1 getur hitt hlið 1, 2, 3, 4, 5, 6 á hinum teningnum og þannig koll af kalli. Ekki gefa börnunum þetta dæmi. Útskýrið verkefnið á þann hátt að börnin sjá hvernig kennarinn leggur tvo teninga saman og kíkir svo á tölurnar og sér hvaða tölur mættust. Börnin eiga að reyna að finna sem flestar útgáfur á því hvaða hliðar hittast og skrá það hjá sér. Þegar þau telja sig hafa fundið alla möguleika eiga þau að telja hve margir möguleikarnir voru og skrá það hjá sér.

Vel má gera þetta í hóp ef verkefnið reynist sumum flókið.


### Umræður þegar allir hafa lokið verkefninu

Ímyndum okkur að við öll séum teningar. Hvað eru margar hliðar á okkur?

En ef við lítum inn fyrir líkamann og skoðum persónuleikann hvað ætli séu margar hliðar á honum?

Nefnið dæmi:

Sumir eru oft æstir en aðrir eru oft rólegir. Sumir sýna allt aðra hlið á sér heima og í skólanum. Sumir eru alltaf stilltir í skólanum en óþekkir heima hjá sér. Hjá öðrum er því öfugt farið. Sumir eru mjög stilltir heima en óþekkir í skólanum.



Sumir eru mjög kurteisir við einn en sýna öðrum ókurteisi. Hves vegna breytumst við stundum eftir umhverfi og aðstæðum?

Hlustið á tillögur barnanna.

Ef tími vinnst til mætti gefa börnunum færi á að koma með reynslusögur um þetta mál.

### **Fjölgreindir í þessari kennslustund**

Líkams- og hreyfigreind: Tarsan og Jane leikurinn.

Rýmisgreind: Myndir í kennslubók

Málgreind: Umræður, lestur, hlustun.

Samskiptagreind: Tarsan og Jane leikurinn.

Sjálfspækkingargreind: Börnin velta fyrir sér hvernig þau koma á ólíkan hátt fram við aðra.

Rök- og stærðfræðigreind: Teningaverkefnið.

## Kennslustund 23

Í þessari kennslustund ræðum við um viðeigandi og óviðeigandi hegðun. Athyglinni er sérstaklega beint að því þegar krakkar eða fullorðnir brúka munn. Hins vegar getur umræðan leiðst út í allar áttir. Kennarinn þarf að varast að umræðan verði persónuleg. Hér er ekki verið að skamma neinn heldur að ræða um ákveðið fyrirbæri í mannlegum samskiptum.

### Verkefni

Börnunum er skipt í hópa. Þau eiga að taka viðtal við starfsmann skólans. Hver hópur tekur viðtal við einn starfsmann. Kennarinn getur verið búinn að undirbúa starfsmenn fyrirfram og sýna þeim spurningalistann. Starfsmenn þurfa að gæta þess að vera ekki of langorðir því börnin þurfa að skrifa niður svörin. Börnin fá eftirfarandi spurningalista og eiga að fylla hann út í viðtalinu.

### Spurningalisti fyrir starfsmenn skólans

Hvað heitir þú?

Hvaða starfi gegnir þú í skólanum?

Finnst þér starfið vera erfitt?

Hvað er erfiðast?

Hvernig er rétt að bregðast við ef einhver er með ógnandi framkomu? (Forðast viðkomandi – fara).

Hvað er skemmtilegast?

Hvað finnst þér skemmtilegast í framkomu nemenda?

Hvað fer mest í taugarnar á þér í framkomu nemenda?

Hvað þurfa nemendur að hafa í huga þegar þeir umgangast starfsmenn skólans?

Þegar viðtölum við starfsmenn skólans er lokið hittast börnin aftur í kennslustofunni og bera saman bækur sínar. Hver hópur velur sér einn talsmann sem stendur upp fyrir hönd hópsins og les svör starfsmannsins.


Þegar allir hóparnir hafa lesið svör starfsmanna hnykkir kennarinn á því sem flestum starfsmönnum þótti skemmtilegast við framkomu nemenda og hvað fór mest í taugarnar á þeim varðandi framkomu nemenda. Í framhaldi af því má ræða um óviðeigandi hegðun í skólanum.

Vel mætti búa til lista yfir óviðeigandi hegðun og annan lista yfir viðeigandi hegðun. Hjálpið börnunum að fá hugmyndir ef þess þarf.

Dæmi

- Það er óviðeigandi að uppnefna starfsfólk skólans, og reyndar allt annað fólk.
- Það er óviðeigandi að brúka munn við starfsfólk skólans.

Ræða má sérstaklega um það að brúka munn. Mörg orð eru notuð yfir fyrirbærið sem öll þýða það sama. Ekki er víst að börnin átti sig á því hvað er verið að fara fram á við þau.



Orðin sem notuð eru:

Brúka munn, ybba gogg, svara á móti, svara til baka og rífa kjaft.

### **Nemendahefti bls. 12**

Dæmin á bls.12 í nemendaheftinu má nota til að útskýra fyrirbærið fyrir börnunum. Þar sjá þau bæði dæmi um óviðeigandi hegðun og þá hegðun sem hefði verið meira viðeigandi í þessum tilfellum.

Vel má tína til fleiri dæmi og jafnvel nota dæmi sem hafa komið upp í þessum bekk og eru kennaranum í fersku minni. Hann skal þó varast að nefna nöfn. Hér er ekki verið að skamma neinn, heldur að útskýra að þetta er óviðeigandi hegðun og að þessi óviðeigandi hegðun ber nöfn á borð við það að brúka munn.

### **Fjölgreindir í þessari kennslustund**

Rýmisgreind: Myndir í bók skoðaðar.

Málgreind: Viðtöl, umræður, lestur.

Samskiptagreind: Viðeigandi og óviðeigandi hegðun gagnvart öðru fólki skoðuð.

Sjálfsþekkingargreind: Börnin velja eigin hegðun fyrir sér og leiðum til þess að hegða sér betur.

## Kennslustund 24

Nú færum við umræðuna um hegðun út fyrir vegg skólans. Í síðasta tíma ræddum við um hegðun í skólanum en nú skoðum við hegðun á öðrum stöðum.

Börnin velta fyrir sér hvers vegna það borgar sig frekar að vera kurteis en ókurteis.

### Klípusögur

Hér koma nokkrar sögur um samskipti nokkurra barna við hina og þessa. Lesið sögurnar fyrir börnin og ræðið þær. Einnig má nýta verkefnið betur t.d. með því að skipta börnunum í hópa og skipta sögunum á milli þeirra. Hver hópur á að búa til leikrit um söguna, myndasögu eða semja góðan endi á sögurnar.

Hafdís og Karen fóru í fatabúð og ætluðu að máta föt. Mamma hennar Hafdísar hafði treyst henni til þess að kaupa buxur og peysu. Þetta var í fyrsta skipti sem hún mátti gera þetta án hennar hjálpar. Þegar þær voru komnar í búðina fann Hafdís fernar buxur sem henni leist vel á og eina peysu. Karen tók hins vegar eina peysu sem hún ætlaði að máta að gamni sínu. Þegar þær ætluðu inn í mátunarklefvann sagði afgreiðslukonan við Hafdís: – Það má ekki fara inn með fleiri en fjórar flíkur. Þú ert með allt of margar flíkur.

– Nei, ég er ekkert með of margar flíkur. Sjáðu!

Hafdís lagði buxurnar og peysuna á búðarborðið og tók peysuna sem Karen hafði ætlað að máta. – Þetta eru ekki nema sex flíkur og við erum tvær. Það þýðir bara þrjár flíkur á mann!

– Nei, góða mín. Þú ert með fimm flíkur og hún er bara með eina. Afgreiðslukonan var orðin pirruð.

Hvernig á Hafdís að bregðast við?

Hafdís og Karen fóru út í bakarí. Fólkið í bakaríinu stóð í röð. Hafdís og Karen tróðu sér fremst í röðina. Maður nokkur sem stóð í röðinni. – Heyrið þið stelpur! Ég var á undan ykkur.

– Eins og okkur sé ekki sama, sögðu stelpurnar og hugsuðu ekki meira um manninn.

– Ég ætla að fá súkkulaðisnúð, sagði Hafdís og hún ætlar að fá kleinhring með karamelluglassúr. Afgreiðslumaðurinn í bakaríinu leit reiðilega á frekjudósirnar tvær og sneri sér að manninum. – Þú varst næstur, var það ekki?

Hvernig hefðu Hafdís og Karen átt að haga sér?

Tommi og Halldór ætluðu að fara með fleiri strákum í bíó. Halldór var búinn að fá leyfi hjá foreldrum sínum til að fara en Tommi átti eftir að spyrja foreldra sína. En þegar hann spurði foreldra sína sögðu þeir að hann mætti ekki fara. Tommi varð mjög ósáttur við foreldra sína. Hann langaði mjög mikið í bíó með strákunum. Allir máttu fara nema hann.

Hvernig á hann að bregðast við?





Helga var að læra með Arnóri og Stellu. Þau fengu að læra við eldhúsborðið heima hjá Helgu. Helga var með læti og talaði mikið. Henni fannst skemmtilegt að hafa Arnór og Stellu hjá sér. Nú hringdi dyrabjallan. – O, þetta er örugglega Sigga.

Sigga hafði verið besta vinkona Helgu til þessa en eitthvað hafði slest upp á vinskapið í skólanum. Mamma hennar Helgu blandaði sér í málið og sagði: – Æ, bjóddu henni að læra með ykkur. – Nei, ég nenni ekkert að vera með henni, sagði Helga og fór svo til dyra. Hún sagði Sigggu að hún gæti ekki leikið við hana. Sigga varð leið og gekk í burtu. Mamma Helgu var ekki ánægð með framkomu dóttur sinnar og sagði: – Mér finnst að þið Sigga þurfið að reyna að sættast. Sigga var greinilega að koma til að sættast við þig.

Hvað á Helga að gera?

### Umræður

- Hvers vegna borgar það sig að vera kurteis við afgreiðslufólk í verslunum?
- Hvort fær maður betri eða verri afgreiðslu ef maður hagar sér vel eða frekjulega?
- Hvers vegna borgar sig yfirleitt frekar að vera kurteis?
- Hvernig líkar fólki við þá sem venja sig á að vera ókurteisir?
- Hvernig líður ykkur þegar einhver er ókurteis við ykkur?

### Verkefni

Verkefni á bls. 58 má ljósrita fyrir börnin.

### Rétt svör:

1. Kurteisi kostar ekkert.
2. Komdu fram við aðra eins og þú vilt að komið sé fram við þig.

### Fjölgreindir í þessari kennslustund

Líkams- og hreyfigreind: Ef klípusögur eru settar upp í leikrit.

Málgreind: Umræður, klípusögur.

Samskiptagreind: Vangaveltur um samskipti.

Sjálfsþekkingargreind: Einstaklingar velta fyrir sér heppilegri framkomu.

Rök- og stærðfræðigreind: Dulmál ráðið með hjálp dulmálslykils.

Dulmálslykill			
A = 1	Á = 2	B = 3	D = 4
Ð = 5	E = 6	É = 7	F = 8
G = 9	H = 10	I = 11	Í = 12
J = 13	K = 14	L = 15	M = 16
N = 17	O = 18	Ó = 19	P = 20
R = 21	S = 22	T = 23	U = 24
Ú = 25	V = 26	Y = 27	Ý = 28
Þ = 29	Æ = 30	Ö = 31	

Finndu réttu stafina til að ráða dulmálið.

1.  $\frac{\quad}{14} \frac{\quad}{24} \frac{\quad}{21} \frac{\quad}{23} \frac{\quad}{6} \frac{\quad}{11} \frac{\quad}{22} \frac{\quad}{11}$


$\frac{\quad}{14} \frac{\quad}{18} \frac{\quad}{22} \frac{\quad}{23} \frac{\quad}{1} \frac{\quad}{2} \frac{\quad}{6} \frac{\quad}{14} \frac{\quad}{14} \frac{\quad}{6} \frac{\quad}{21} \frac{\quad}{23}$  .

2.  $\frac{\quad}{14} \frac{\quad}{18} \frac{\quad}{16} \frac{\quad}{4} \frac{\quad}{24} \frac{\quad}{8} \frac{\quad}{21} \frac{\quad}{1} \frac{\quad}{16} \frac{\quad}{26} \frac{\quad}{11} \frac{\quad}{5}$

$\frac{\quad}{1} \frac{\quad}{5} \frac{\quad}{21} \frac{\quad}{1} \frac{\quad}{6} \frac{\quad}{11} \frac{\quad}{17} \frac{\quad}{22} \frac{\quad}{18} \frac{\quad}{9} \frac{\quad}{29} \frac{\quad}{25}$

$\frac{\quad}{26} \frac{\quad}{11} \frac{\quad}{15} \frac{\quad}{23} \frac{\quad}{1} \frac{\quad}{5} \frac{\quad}{14} \frac{\quad}{18} \frac{\quad}{16} \frac{\quad}{11} \frac{\quad}{5}$

$\frac{\quad}{22} \frac{\quad}{7} \frac{\quad}{8} \frac{\quad}{21} \frac{\quad}{1} \frac{\quad}{16} \frac{\quad}{26} \frac{\quad}{11} \frac{\quad}{5} \frac{\quad}{29} \frac{\quad}{11} \frac{\quad}{9}$  .



## Kennslustund 25

Í þessari kennslustund er fjallað um hollt líferni. Flest börn eru vel að sér hvað varðar hollt líferni og nú geta þau látið ljós sitt skína. Af mörgu er að taka í efnisvinnunni. Þeir sem vilja geta staldrað lengur við þetta efni en þessa einu kennslustund. Hér koma tillögur að verkefnum.

### Nemendahefti bls. 13

Börnin skoða bls. 13 í nemendaheftinu.

### Umræður

- Hvað er hollt líferni?
- Hvers vegna á fólk að hugsa um að lifa hollu lífi?
- Hverjir eru kostirnir við að lifa hollu lífi?

### Hollu líferni má skipta í flokka og vinna með þá

a) Hollt mataræði b) hreyfing c) hollur félagsskapur.

### Skiptið bekknum í fjóra hópa.

Hópur a.

Gerir plakat/plaköt um hollt mataræði. Einnig getur hópurinn búið til klippimynd.

Hópur b.

Gerir áætlun um holla hreyfingu fyrir bekkinn. Fer út og prófar leikina og hreyfingu, eða gerir könnun í bekknum um það hve margir krakkar í bekknum stunda einhverjar íþróttir.

Hópur c.

Skrifar sögur eða býr til og æfir leikrit um hollan félagsskap.

### Aukaverkefni

Ef aðgangur er að spilinu Lató er kjörið að draga það fram núna. Lató geta margir spilað og þar er talað um hollt líferni og hreyfingu.

### Fjölgreindir í þessari kennslustund

Líkams- og hreyfigreind: Hópur b.

Rýmisgreind: Myndir skoðaðar í kennslubók. Hópur a.

Málgreind: Texti í kennslubók. Hópur c.

Samskiptagreind: Hópavinna.

## Kennslustund 26

Í þessari kennslustund er fjallað um áhættuhegðun. Börn sýna oft áhættuhegðun, t.d. með því að vilja ekki nota þann öryggisbúnað sem ætlaður er börnum.

### Umræður

- Hvers vegna þurfum við að nota hjálma þegar við förum út að hjóla?
- Af hverju er það skylda?
- Af hverju var þessi regla sett?
- Þeir sem fara ekki eftir henni eru að taka óþarfa áhættu.
- Af hverju ætli þeir vilji ekki fara eftir þessari einföldu reglu?
- Sumir krakkar fara á línuskauta án þess að vera með hjálm og hlífur. Af hverju ætli þeir vilji ekki nota hlífurnar?
- Ef eitthvað alvarlegt kæmi fyrir ykkur vegna þess að þið notuðuð ekki hlífur eða hjálm, myndi það verða til þess að þið notuðuð hjálm næst?

### Könnun í bekknum

Fáið nokkur börn til að mynda hóp og gera eftirfarandi könnun í bekknum. Þessi könnun má fara fram á meðan önnur hópavinna er í gangi ef það þykir henta.

- Hve margir spenna sig alltaf í öryggisbelti í bíl?
- Hve margir nota alltaf hjálma þegar þeir fara út að hjóla?
- Hve margir nota alltaf hjálma þegar þeir fara á línuskauta?
- Hve margir nota alltaf hjálma þegar þeir eru á snjóbretti eða hjólabretti?

Þegar búið er að spyrja alla er búið til plakat sem sýnir niðurstöður í bekknum. Plakatið má skreyta.

Sumir halda að þeir séu ekki eins töff ef þeir eru ekki með hjálm eða hlífur. Er hægt að innleiða þá tísku að allir vilji nota slíkt? Hvernig er farið að því?

### Hópavinna


Börnin vinna saman í hópum við að búa til auglýsingaplaköt um öryggi og áhættu. Skiptið verkefnum niður á hópana.

Börnin eiga að gera auglýsingar sem segja að það sé töff að nota hjálma og annan öryggisbúnað.

Einn hópurinn getur einbeitt sér að farþegum í bíl sem eiga að nota öryggisbelti. Annar hópurinn getur einbeitt sér að hjálmanotkun. Enn einn hópurinn að hlífum og hjálmum.

### Tónlist

Gott er að vinna við þægilega og örvandi tónlist.



### **Fjölgreindir í þessari kennslustund**

Rýmisgreind: Teiknivinna á plakötum.

Málgreind: Umræður, könnun, skráning, hlustun.

Samskiptagreind: Hópvænna, könnun í bekknum.

Sjálfsþekkingargreind: Börnin velta fyrir sér eigin áhættu hegðun.

Rök- og stærðfræðigreind: Könnun.

Tónlistargreind: Unnið með hjálp léttar tónlistar.

## Kennslustund 27

Í þessari kennslustund er rætt um það hvað m.a. er fólgið í því að verða fullorðinn. Markmiðið með þessari kennslustund er að vekja börnin til umhugsunar um það sem þau geta gert en eru e.t.v. enn að láta fullorðna fólkið gera fyrir sig.

### Umræður

Það er enn langt þangað til börn í 4. bekk verða fullorðin en það verður enginn fullorðinn á einum degi, það er ferli sem tekur mörg ár. Smátt og smátt stækka börnin og þroskast og verða sjálfstæð. Það er margt sem krakki í 4. bekk getur auðveldlega en barn í 1. bekk eða í leikskóla getur ekki. Fáid börnin til þess að nefna dæmi um það.

- Flest börn í 4. bekk geta t.d. búið um rúmið sitt sjálf. – Hver sér um það heima hjá ykkur?
- Þau geta tekið til í herberginu sínu og haldið skólatöskunni sinni snyrtilegri. – Hver sér um það heima hjá ykkur?
- Þau geta smurt nestið sitt sjálf áður en þau fara í skólann. – Hver sér um það heima hjá ykkur?
- Þau geta vaknað við vekjaralukku og passað upp á að mæta á réttum tíma í skólann. – Hver sér um að vekja ykkur og passa upp á að þið mætið á réttum tíma í skólann?
- Þau geta gætt þess að leikfimidótið sé í töskunni þá daga sem þau eiga að vera í leikfimi og sunddótið þá daga sem þau eiga að vera í sundi. – Hver sér um það hjá ykkur?

### Hvað er að vera fullorðinn?

Hlustið á svör barnanna og skráið þau á töfluna. Svörin geta börnin síðan stuðst við þegar þau leysa verkefnið hér á eftir.

### Nemendahefti bls. 14

Á bls.14 í nemendaheftinu er sýnishorn úr símaskránni (tilbúið). Börnin eiga að finna tiltekin nöfn og símanúmer.

Vel mætti vera með alvöru símaskrár og börnin hjálpast að við að fletta og finna t.d. foreldra sína og afa sína og ömmur.

### Verkefni

Börnin skrifa sögu um hvað þau geta gert þegar þau eru orðin fullorðin.

Sagan á að byrja á þessum orðum:

Þegar ég verð fullorðinn get ég gert margt. Ég get ...

Börnin myndskreyta söguna ef tími vinnst til.

### Heimaverkefni

Börnin eiga að vakna sjálf á morgnana, smyrja nestið sitt sjálf, setja það í skólatöskuna og muna eftir leikfimi- og sunddóti þegar það á við. Þetta verkefni skal unnið í samvinnu við foreldra og það á að standa í eina viku, eða eins lengi eða stutt og kennaranum þykir henta.



### **Tillaga að bréfi til foreldra**

Í þessari viku erum við að tala um hvað það er að vera sjálfstæður og bera ábyrgð. Þetta er hluti af lífsleikninámi barnanna.

Við leitum því til ykkar, foreldrar góðir, um samstarf. Í þessari viku eiga börnin að æfa sig í því að vakna sjálf við vekjaralukku og komast í skólann á réttum tíma. Þau eiga að smyrja nestið sitt sjálf og setja það í skólatöskuna. Eins eiga þau að reyna að fylgjast með því hvaða dagur er í dag og þá á hvaða dögum þau eru í leikfimi og sundi. Þau eiga að sjá til þess sjálf að taka það dót með á viðeigandi dögum.

Börn eru misjafnlega tilbúin í þetta verkefni og því biðjum við ykkur að hjálpa þeim að muna eftir hlutunum en fáði þau til þess að gera sem mest sjálf.

Í næsta lífsleiknitíma segja börnin frá því hvernig til tókst og hvað þeim fannst um tilraunina.

Ef barnið gleymir sér eða ræður ekki við verkefnið er gott að hafa foreldrið til stuðnings.

### **Fjölgreindir í þessari kennslustund**

Rýmisgreind: Saga myndskreytt.

Málgreind: Umræður og ritun, leitað í símaskrá og verkefni leyst.

Sjálfsþekkingargreind: Börnin hugleiða hvað það þýðir að vera sjálfstæður og æfa sig í því að vera sjálfstæð.

## Kennslustund 28

Við höldum áfram með umræðuna um sjálfstæði. Í þessari kennslustund er lögð áhersla á þjálfun í því að vera sjálfstæður.

### Nemendahefti bls. 15

Börnin skoða bls.15 í nemendaheftinu.

Þau eiga að finna nokkur atriði sem eru á kortinu.

### Finndu:

- Skólann, leikhúsið, verslunina, sjúkrahúsið, kirkjuna, sundlaugina, tónlistarskólann, íþróttahúsið.
- Götur sem heita: Lækjargata, Spítalastígur og Kirkjustígur.

Í grænum, rauðum og bláum hringjum má sjá númerin á strætisvögnunum og þannig er hægt að rekja sig áfram eftir kortinu hvaða leið þeir keyra.

- Hvaða strætisvagn fer að spítalanum?
- Hvaða strætisvagn fer að skólanum?
- Hvaða strætisvagn fer að leikhúsinu?

### Verkefni

Vel mætti sýna börnunum götukort af þeirra eigin heimabyggð, eða af Reykjavík. Ef til eru nokkur götukort mætti skipta börnunum upp í hópa og gefa þeim það verkefni að finna markverða staði eða götur á kortinu.

### Verkefni

Börnin búa til sitt eigið götukort. Skiptið börnunum í hópa og þau eiga að hjálpast að við að búa til götukort af ímynduðum bæ. Gefa götunum nöfn og skipuleggja strætisvagnaleiðir og merkja þær inn á kortið.

### Tónlist

Vel mætti hafa léttu tónlist á meðan börnin eru að vinna.

### Vettvangsferð

Þeir sem hafa tök á því að fara í vettvangsferð geta farið með bekkinn í strætó á einhvern tiltekinn stað. Best er að áfangastaður sé nokkuð stutt frá. Börnin eiga að taka eftir númerinu á strætisvagninum og því hvar strætisvagnastoppistöðvar eru.

### Fjölgreindir í þessari kennslustund

Líkams- og hreyfigreind: Vettvangsferð.

Rýmisgreind: Götukortið skoðað, götukort búið til.

Málgreind: Börnin leita að nöfnum og símanúmerum í „símaskrá“, fundin nöfn á heimatilbúið götukort.

Samskiptagreind: Hópavinna.


Rök- og stærðfræðigreind: Götukortaverkefni.

Umhverfisgreind: Börnin skoða götukort og reyna að átta sig á umhverfinu þar.

Vettvangsferð.

Tónlistargreind: Unnið við tónlist.





## Kennslustund 29

Í þessari kennslustund fjöllum við um umhverfisvernd og endurvinnslu. Markmiðið er að börnin finni til ábyrgðar sinnar gagnvart umhverfi sínu og náttúrunni.

### Nemendahefti bls. 16

Textinn á bls.16 í nemendahefti lesinn og ræddur.

### Umræður

Kennarinn sýnir börnunum tómar plastgosflöskur og flíspeysu. Það má endurvinna plastflöskur eins og þessar þannig að úr því verði efni sem flíspeysur og föt úr flís-efni eru búin til úr. Sumir henda flöskunum í ruslið og þær safnast fyrir í náttúrunni. Með því að skila þeim til endurvinnslustöðvanna er hægt að endurnýta þær. Þá verða þær ekki að rusli sem safnast fyrir. Þetta er hægt að gera við fleira.

Fáið börnin til þess að nefna fleira sem má endurvinna.

### Verkefni

Undirbúningur: Kennarinn hefur haldið fernum frá liðnum dögum til haga svo nóg sé til af þeim fyrir verkefnið.

Börnin endurnýta fernurnar undan skólamjólkinni. Skola þær og líma pappír utanum þær og búa þannig til hús úr þeim. Að sjálfsgöðu þarf að gera glugga og dyr. Vel mætti klippa fernurnar niður til þess að gera þök, grindverk, bíla og fleira. Allt eftir hugmyndaflugi og getu barnanna. Hvert barn má búa til fleiri en eitt hús. Kennarinn setur brúnan maskínupappír á gólfið og börnin líma húsin sín á pappírinn og teikna götur á milli húsanna. Vel mætti nota fleiri tegundir af rusli til verkefnisins ef það þykir henta. Athugið að hafa bæinn ekki svo stóran að erfitt sé að ganga frá honum síðar.

### Dagatal

#### Endurvinnsla á pappír

Börnin geta endurunnið pappír og búið til úr honum dagatal bekkjarins þar sem hvert barn á mynd. Mánuðirnir eru 12 en börnin í bekknum oft fleiri, þannig að nauðsynlegt getur verið að búa til fleiri en eitt dagatal. Sjá uppskrift af endurunnum pappír í kennsluleiðbeiningum með *Sporum 2*. Börnin endurvinna pappírinn og þurfa líka að teikna myndir sem síðar eru límdar á pappírinn. Ljósrita þarf dagatal og líma það á pappírinn.

#### Hljóðfæri búin til

Nota má tómar glerflöskur og fylla þær mismikið af vatni. Til að spila á þær má slá í þær með teskeið eða blása í þær.

Nota má krukkur og dósir fyrir trommur ef strengdur er yfir þær álpappír, plast eða bökunarpappír.

Það má búa til hristur úr jógúrt dósum og skyrdósum með því að líma tvær saman og setja inn í þær hrísgrjón.

Séu hljóðfæri búin til er að sjálfsgöðu nauðsynlegt að spila svoltið á þau.

### **Vettvangsferð**

Heimsókn í endurvinnslustöð. Þetta þarf að undirbúa með nokkrum fyrirvara.

### **Til kennarans**

Á heimasíðu Sorpu má finna alls kyns upplýsingar um endurvinnslu. Þær upplýsingar má nota sem ítarefni.

### **Fjölgreindir í þessari kennslustund**

Líkams- og hreyfigreind: Vettvangsferð. Föndur.


Rýmisgreind: Teikningar, mynd skoðuð í kennslubók.

Málgreind: Umræður, lestur.

Samskiptagreind: Hópavinna.

Tónlistargreind: Hljóðfæri búin til.

Umhverfisgreind: Umhverfisvernd og endurvinnsla.



## Kennslustund 30

Í þessari kennslustund er fjallað um umgengni í náttúrunni. Athygli barnanna er vakin á umgengi fólks í náttúrunni og þau vakin til ábyrgðar um að ganga vel um náttúruna.

### Nemendahefti bls. 17

Textinn „Á ferðalagi“ á bls. 17 í nemendaheftinu lesinn.

### Umræður

Hvernig við göngum um náttúruna er nokkurs konar vani. Sumir venja sig t.d. á að henda öllu rusli í bílnum út um bígluggann þegar þeir eru á ferðalögum.

- Hvert fer þetta rusl? Ef til vill fýkur það út í sjó, eða festist í skurðum, á girðingum eða fýkur út á vötn.
- Hvernig væri landið ef allir gerðu þetta?

Sumir hafa vanið sig á að henda tyggigúmmí á götuna. Sums staðar eru gangstéttar orðnar doppóttar af tyggjóí.

- Hafið þið tekið eftir því?
- Hafið þið stigið á tyggjóklessu í glænýjum skóm?

### Vettvangsferð

Hér eru ýmsir möguleikar. Ef tök eru á því að fara með börnin í fjöruferð mætti láta verkefni þeirra vera að hreinsa fjöruna. Þau tína allt rusl sem þau finna á afmörkuðu svæði í ruslapoka. Vel mætti fara í rannsóknarferð um skólalóðina eða á annan nærliggjandi stað og tína rusl í poka.

### Verkefni eftir vettvangsferð, nokkrar hugmyndir

Nýta mætti eitthvað af ruslinu til þess að búa til sameiginlegt „listaverk“ bekkjarins. Gefa þyrfti „listaverkinu“ nafn.

Flokka mætti það rusl sem fannst eftir efni: Plast, gler, spýtur, pappír, sælgætisbréf, pappírsumbúðir og sjá hvaða rusl er algengast á því svæði sem leitað var á. Það yrði skráð niður og sett í einhvers konar súlurit.

Einnig mætti heimsækja eldhús skólans (mötuneyti kennara) og kanna hverju helst er hent þar og fá að flokka það rusl.

### Fjölgreindir í þessari kennslustund

Líkams- og hreyfigreind: Vettvangsferð

Rýmisgreind: Búið til „listaverk“ úr rusli.

Málgreind: Umræður, lestur í kennslubók.

Samskiptagreind: Hóþavinna við leit og flokkun á rusli eða sameiginlegt „listaverk“.

Rök- og stærðfræðigreind: Flokkun á rusli.

Umhverfisgreind: Rannsókn á umgengni í umhverfinu. Flokkun á rusli.

## Heimildir:

*Einelti kemur öllum við, skýrsla umboðsmanns barna frá 17. október 1998.*  
*Leikir og létt gaman, 2000, Skálholtsútgáfan.*